


Davíð A. Stefánsson  
Sigrún Valdimarsdóttir

# Neistar



## Kennsluleiðbeiningar

### Neistar

Kennsluleiðbeiningar

© 2014 Davíð A. Stefánsson  
og Sigrún Valdimarsdóttir

Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir  
og Sigríður Wöhler

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun  
Mynd á forsiðu: Lára Garðarsdóttir

1. vefútgáfa 2014  
Námsgagnastofnun  
Kópavogi

## Efnisyfirlit

Kæri kennari! . . . . .	3
Uppbygging efnisins . . . . .	4
Hugmyndafræði og markmið . . . . .	4
Lestur og bókmenntir . . . . .	5
Framsögn og tjáning . . . . .	6
Ritun . . . . .	6
Málfræði . . . . .	7
Námsmat . . . . .	7
Upphitun fyrir veturinn . . . . .	9
Að lokum – gefðu þér tíma . . . . .	9
<b>1. kafli – Heimurinn vill heyra í þér...</b> . . . . .	<b>11</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	12
Aukaverkefni . . . . .	13
Ítarefni . . . . .	14
<b>2. kafli – Málfræ – æði og fleira til.</b> . . . . .	<b>15</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	15
Aukaverkefni . . . . .	19
Ítarefni . . . . .	20
<b>3. kafli – Ólíkur texti, alls konar ritun, en alltaf sömu lögmálin.</b> . . . . .	<b>21</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	22
Aukaverkefni . . . . .	22
Ítarefni . . . . .	23
<b>4. kafli – Þú ert græjan: Um lestur, læsi og úrvinnslu.</b> . . . . .	<b>24</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	24
Aukaverkefni . . . . .	27
Ítarefni . . . . .	28
<b>5. kafli – Heimildaritun er skipulögð hugsun</b> . . . . .	<b>29</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	31
Aukaverkefni . . . . .	32
Ítarefni . . . . .	33
<b>6. kafli – Smásögur – meira en augað nemur.</b> . . . . .	<b>34</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	34
Aukaverkefni . . . . .	37
Ítarefni . . . . .	37
<b>7. kafli – Málfræði og gryfjur til að forðast</b> . . . . .	<b>38</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	39
Aukaverkefni . . . . .	42
Ítarefni . . . . .	43
<b>8. kafli – Ljóð eru óð og góð</b> . . . . .	<b>44</b>
Umræður í tengslum við verkefni og lausnir . . . . .	45
Aukaverkefni . . . . .	51
Ítarefni . . . . .	51
<b>Fylgiskjöl</b> . . . . .	<b>52</b>
1. Matsblöð . . . . .	52
2. Texti til leiðréttingar . . . . .	53
3. Twitterature – Harry Potter . . . . .	53
4. Hvernig ákveður spörfugl að deyja? . . . . .	55
5. Námsmat . . . . .	56

## Kæri kennari!

Bókaflokkurinn *Kveikjur*, *Neistar* og *Logar* snýst fyrst og fremst um leik, læsi, sköpun, ritun, skilning og vald á íslenski tungu. Styrkur og sjálfstraust í að beita eigin tungumáli er lykill að námi, bæði hvað varðar skilning og sjálfa grunnforsendu náms – námsáhuga.

Þetta er undirstrikað í öllum bókunum þremur með því að ýta undir leik og sköpun nemenda með þann takmarkalaus efnivið sem tungumálið er eða eins og segir í aðalnámskrá:

Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. (Aðalnámskrá grunnskóla: *Almennur hluti 2011*, bls. 24.)

Tungumálið er lykillinn að hugsun, skipulagi, tilfinningum, lífsstíl, menntun, atvinnu, fjölskyldutengslum og vinatengslum hvers einstaklings og það er á þeim forsendum sem okkur langar að nálgast íslenskuna.

Við leggjum mikið upp úr námi í samhengi við sköpun og meðvitund um þá staðreynd að allar manneskjur eru skaparar í eðli sínu. Með áherslunni á sköpun og vald viljum við ýta undir að skólakerfið leggi rækt við þessa þætti þannig að nemendur tileinki sér skapandi og gagnrýna hugsun.

Nauðsynlegt er að kveikja hjá nemendum áhuga á sjálfu tungumálinu sem fyrirbæri áður en mikil áhersla er lögð á tæknilega þekkingu, s.s. málfræði og önnur atriði, og í Kveikjum var lagður grunnur að þessum áhuga.

Þessar kennsluleiðbeiningar eru fyrst og fremst hugsaðar sem stuðningur við kennsluna og til kynningar á hugmyndafræði efnisins. Hér og þar setjum við fram hugmyndir um hvernig nota má umræður eða tilteknar aðferðir til að hreyfa enn betur við nemendum. En framlag þitt og fagmennska er vitanlega það sem á endanum glæðir kennsluna lífi og skiptir sköpum fyrir nemandann.

Góða skemmtun og gangi þér vel!  
Davíð Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir

## Uppbygging efnisins

*Neistar* eru, eins og *Kveikjur*, einkaþjálfun í íslensku þar sem tekið er mið af aðalnámskrá frá 2011 og 2013 og þeirri áherslu sem þar er að finna meðal annars á læsi, ritun og sköpun. Náms-efnið samanstendur af einni textabók með fjölbreyttum verkefnum og kennsluleiðbeiningum þar sem finna má aukinn fróðleik og ítarefni.

### Við viljum leggja mjög ríka áherslu á þetta:

*Neista* þarf alls ekki að kenna frá fyrstu blaðsíðu til hinnar síðustu! Efni bókarinnar er fjölbreytt, farið er um víðan völl og þótt efnið sé vissulega sniðið að hefðbundnum vetri þarf kennari ekki að taka fyrir einn kafla í einu, hvern á eftir öðrum, og fara þannig í gegnum alla bókina.

Ein leið til að nálgast viðfangsefni vetrarins á lýðræðislegan hátt er að fá nemendur sjálfa í samtal um efni bókarinnar, skoða efnisyfirlitið, fletta henni og athuga hvort þeir hafi sjálfir skoðanir á því hvaða kafla á að taka fyrir næst. Spurningar geta komið af stað líflegum umræðum í upphafi vetrar:

*Hvað finnst nemendum þeir kunna vel í íslensku? Hvað vilja þeir skoða og læra betur? Hvað finnst þeim mikilvægast að leggja áherslu á og af hverju? Skilja þeir áhrif tungumálsins í daglegu lífi? Þekkja þeir ólíkar birtingarmyndir þess, s.s. talmál og ritmál, formlegt og óformlegt mál? Þekkja þeir mun á vönduðu og óvönduðu máli? Hvernig mál tala þeir sjálfir? Ef þeir mættu rannsaka hvað sem er sem tengist íslensku, hvað myndu þeir rannsaka?*

Samtal af þessu tagi í fyrstu kennslustundum annarinnar leggur góðan grunn að vetrinum, varpar ljósi á áhuga nemenda og getur verið kveikja að virku námi – og svo getur það líka verið mjög skemmtilegt!

## Hugmyndafræði og markmið

*„Ég á tungumálið, það tilheyrir mér og ég ætla, af því að ég vil það, að læra til að verða betri í íslensku!“*

Markmiðið með *Neistum* er fyrst og fremst að styrkja nemendur sem málnotendur, lesendur, greinendur og skapara; auka sjálfstraust þeirra í notkun og meðferð íslenskunnar og gera þeim ljóst hversu mikilvæg hún er fyrir þá persónulega og samfélagið í heild sinni. Í leiðinni ljóstrum við auðvitað upp hversu skemmtileg íslenskan er, en það er önnur saga.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, bls. 19.)

### Af litlum neista verður oft mikið bál

Heiti þessarar bókar, *Neistar*, hefur sterka tengingu við fyrstu bókina, *Kveikjur*, þar sem lögð var áhersla á að allt í kringum okkur væri að finna efniðvið fyrir skapandi hugsun og úrvinnslu. Ef það kviknar á athyglinni og skilningarvitunum ertu komin(n) með neistann – og í sköpunarferlinu er brýnt að halda neistanum lifandi þar til hann breytist í loga – og að sjálfsögðu risastórt bál þegar upp er staðið.

## Sýnileg íslenska – í kennslustofunni

Sameiginleg og sýnileg vinna með tungumálið er afar mikilvæg. Þegar unnið er með verkefni vetrarins er upplagt að nota veggj skólastofunnar, skólagangana, bókasafnið, heimasíðu skólans og hvaðeina sem ykkur dettur í hug, til að birta hvers kyns niðurstöður eða úrvinnslu.

Meginmarkmiðið er að tungumálið sé virkur og sýnilegur hluti af námsefninu á hverjum degi og að nemendur horfi upp á framvindu og þróun tungumálsins í kringum sig.

### Gildi þess að ljúka við verk og „gefa út“

Allir eru skaparar og geta virkjað sköpunargáfuna innra með sér, bæði í stórum og smáum verkefnum. Í þessu sambandi er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að fara í gegnum ferli með sköpunarverk sín og kynna þau fyrir öðrum – í eigin nafni. Því er mikilvægt að eftirtaldir þættir séu hluti af náminu og kennslunni:

- að nemendur auðkenni verk sín alltaf (eða sem oftast) með titli eða yfirskrift
- að nemendur merki sér eigin verk með nafni, helst með eiginhandaráritun
- að nokkrum sinnum yfir veturinn skili þeir verkum frá sér í endanlegu formi, t.d. með því:
- að klippa, teikna, hefta eða líma saman einfalda „bók“ með smásögum, örsögum, ljóðum eða hugmyndum (á netinu er að finna ógrynni af sáraeinföldum leiðum til að fönðra bók)
- að ljúka við verk og birta þau í endanlegu formi með einhverri annarri tegund af „útgáfu“ (t.d. myndband, hljóðupptaka)
- að halda sýningu (myndlist, ljóð, klippimyndir)
- að setja saman leikþætti, örleikrit, viðtalsþætti, fréttapætti eða annað leikrænt.

## Lestur og bókmenntir

Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.  
(*Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013*, bls. 99.)

Nú til dags er meginhluti daglegs lestrar hröð skimun – bæði lestur á netinu og á dagblöðum og tímaritum. Hættan er sú að við yfirfærum þessa lestraraðferð yfir á aðrar aðstæður þar sem betri athygli er þörf, t.d. við lestur á bókmenntum, listum, fræðigreinum eða námsbókum.

Í þeim köflum í *Neistum* sem snúa að bókmenntum er því lögð áhersla á að kenna lestur með athygli. Sjónum er beint að eiginlegri bókmenntagreiningu, bókmenntahugtökum og þeim brögðum sem höfundar nota til að skapa verkin. Það að þekkja bókmenntahugtök, að skilja t.d. hlutverk sögumanns og sjónarhorn, gerir nemendur ekki aðeins að betri lesendum heldur og hjálpar þeim við sín eigin skrif.

Í læsiskaflanum er farið um víðan völl. Þar eru fjölbreyttir textar sem allir krefjast þess að nemendur rýni í þá; greini aðalatriði, skoði samhengi og hvernig hægt er að setja fram upplýsingar á ólíkan hátt.

Í öllum lestri gildir þetta lögmál: Athygli er ákvörðun. Það er kjarninn í læsinu og lestrinum, alveg sama hvort við erum að lesa gátu, fræðigreini, auglýsingu, smásögu rýna í tölfræðiupplýsingar eða hvað annað. Allar æfingar til að vekja athygli nemenda eru því af hinu góða.

## Framsögn og tjáning

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum eru færir um að taka þátt í samfélagsumræðunni og eiga jafnan auðvelt með að miðla af þekkingu sinni. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013*, bls. 98.)

Mikið er lagt í umfjöllun um framsögn og umræður í *Neistum* og að ýta undir það sjálfstraust sem þarf til að standa frammi fyrir hópi og tala, kynna sig og sínar hugmyndir og lesa eigin verk og annarra. Í þessu samhengi skiptir líkamstjáning og raddbeiting miklu máli og ekki er úr vegi fyrir kennara að fjalla um hið mikilvæga hlutverk áheyrenda, virka hlustun þeirra og kurteisí í garð flytjanda.

Í þessu eins og öðru er gott að fá nemendahópinn inn í umræður og klausan úr aðalnámskránni hér að ofan er vel til þess fallin að vekja athygli á mikilvægi framsagnar og umræðna.

Í tengslum við ritun er nauðsynlegt að nemendur venjist því að lesa verk sín upphátt fyrir bekkinn með því að hafa reglulega upplestrarstund. Gott er að nýta styttri ritunarverkefni í óformlega framsögn og rétt að benda á að ekki þurfa allir nemendur að lesa upp í hvert skipti heldur er hægt að skipta bekknum upp í hópa. Öll framlög eru gjaldgeng í svona vinnu, ekki síst ef nemendum er gert rækilega ljóst að allir séu að gera sitt besta og sigurinn sé fölginn í því að þora að tjá sig.

## Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega, í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Meðal annars með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Þar hefur hvort gagn af öðru og því mikilvægt að kenna og þjálfar lestur og ritun samhliða, allt frá upphafi skólagöngu til loka hennar og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013*, bls. 99.)

Í *Kveikjum* lögðum við áherslu á að frelsi, hugmyndaflug og ímyndunarafl nemenda fengi að njóta sín í hinum margvíslegu ritunarverkefnum. Það sama gildir hér. Ritunarverkefni í *Neistum* krefjast ekki aðeins þess að nemendur séu óhræddir við að sleppa ímyndunaraflinu lausu heldur líka að þeir lesi, greini og skapi ólíkar textategundir. Þeir verða umfram allt að vera meðvitaðir um markmið textans, viðtakendur (lesendur), málsnið en um leið frelsið til að skapa. Ágætt er að hafa í huga að ritunarverkefni þurfa alls ekki að vera löng eða flókin til að skila árangri. Stuttar og hnitmiðaðar æfingar sem reyna ekki að taka á öllu í einu geta haft mikil áhrif og eftt þá hugmynd hjá nemendum að þeir geti og kunni sjálfir að skapa og skrifa.

Á þessu stigi málsins er mikilvægt að þora að skrifa eigin sköpun niður á blað. En þegar hingað er komið þurfa nemendur líka að huga að stafsetningu, lengd setninga, orðaforða, orðavali, frágangi og málfræðiskilningi – vilji þeir að tekið sé mark á því sem þeir skrifa.

## Málfræði

Í umfjöllun og verkefnum um málfræði er meginmarkmiðið að nemendur átti sig á hlutverki orðflokka í tungumálinu og þeirri virkni sem ólík orð og ólíkir orðflokkar hafa á merkingu þess sem við lesum, skrifum og upplifum. Málfræðihugtökunum er ætlað að útskýra enn betur merkingu og hlutverk orðflokksins í tungumálinu en líka að sýna nemendum fram á að þeir öðlast mun meira vald á tungumálinu – og um leið að beita því – ef þeir þekkja og tileinka sér grunnhugtök málfræðinnar.

Lagt er upp með að nemendur finni sjálfir út hvaða merkingu og áhrif ákveðin málfræðiatríði hafa og því þarf að kenna þeim að leita upplýsinga og nota handbækur um málfræði, orðabækur og annað efni sem nýtist við málfræðirannsóknir.

## Námsmat

Megintilgangur námsmats í íslensku og íslensku táknmáli er að kanna stöðu nemenda, nota niðurstöður til að leiðbeina þeim um námið og laga kennslu að þörfum þeirra. Námsmat þarf ætíð að vera í gangi og það er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Mat verður að vera nátengt hæfniviðmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár og vera með þeim hætti að niðurstöður nýtist nemendum, foreldrum, kennurum og skólastjórn sem best. Mikilvægt er að nemendur fái vitneskju um forsendur námsmats, til hvers er ætlast af þeim og hvernig er metið.

Við mat á námi skal leitast við að fá sem gleggstar upplýsingar um það sem nemendur kunna eða geta og þegar niðurstöðum er miðlað þarf að leggja áherslu á að þeir fái tilfinningu fyrir því sem áunnist hefur og hvert ætti að vera næsta skref í náminu. Þetta beinist að því að nemendur þrói með sér raunhæft sjálfsmat sem, ásamt annars konar námsmati, elur af sér gleggri sýn á námið og markvissari vinnubrögð. [...]

Það er mikilvægt að meta fjölbreytta hæfni nemenda en hafa ekki einungis fá atriði í huga. Þar koma meðal annars til greina einstaklingsverkefni, hópverkefni, sjálfsmat, jafningjamat á viðbrögðum lesenda, hlustenda eða viðmælenda við því sem nemandi fjallar um. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013*, bls. 117.)

Kennari þarf að gefa sér góðan tíma til að ákveða og skipuleggja námsmat í upphafi vetrar og kynna nemendum hvernig því verður háttað. Hugmyndir okkar að námsmati í tengslum við þessar þrjár bækur miðast við að námsmatið sé leiðbeinandi, virki hvetjandi á nemendur og að þeir séu sjálfir þátttakendur í að móta og vinna námsmatið undir leiðsögn kennara.

## Púltið

Púltið er safnmappa sem nemendur nota til að halda utan um námsmatsverkefni. Í það er hægt að safna ritunarverkefnum, könnunum, sjálfsmati, jafningjamati, glósum, lestrardagbók, prófum, ljóðum, myndverkum, umsögnum og í raun hverju því sem til fellur og nýtist í námsmat. Þó þarf að velja verkefni af kostgæfni og vanda valið. Púltið getur líka nýst sem ferilmappa þar sem kennarar, nemendur og foreldrar geta skoðað verkefni og framfarir nemenda, án þess að öll verkefni séu metin til einkunna. Í sjálfri bókinni eru ótal ritunarverkefni sem nýtast sem námsmatsverkefni. Til að auka fjölbreytni við val á verkefnum og auka áhrif nemenda getur kennari ákveðið fyrir fram hvaða verkefni hann vill nota, hann getur valið verkefni í samráði við nemendur eða leyft þeim að velja úr ákveðnum verkefnum.

Til hægðarauka fyrir nemendur og kennara er gott að halda skrá yfir það hvaða verkefni eiga að fara í Púltið, hvort heldur það er í tölvu kennarans eða skráð jafnóðum á eyðublað sem nemendur hafa fremst í Púltinu. Þannig er hægt að halda utan um hvort öllum verkefnum hefur verið skilað.

Hugmynd að skráningu, sem jafnframt nýtist sem matsblað, er að finna í fylgiskjali aftast í kennsluleiðbeiningum.

## Hvað á að meta og hvernig?

Við upphaf hvers kafla þarf að gera nemendum grein fyrir hver markmiðin eru og hvert námsmatið verður. Hér er tilvalið að virkja þá til samstarfs, fletta námsefninu og skoða hvað væri gott að meta, hvers vegna og jafnvel hvernig.

Ráðlegt er að yfirfara Púltið reglulega og láta nemendur skoða matið í hvert skipti sem þeir fá það til baka. Eins þarf að hvetja nemendur til að skoða fyrri verkefni og umsagnir þegar þeir takast á við ný verkefni – því þá fyrst verður námsmatið leiðbeinandi þegar þeir skoða hvað þeir gerðu vel og hvað þeir þurfa að bæta.

Leiðbeinandi og hvetjandi námsmat þarf hvorki að vera flókið né stórt í sniðum. Mikilvægt er að afmarka fá markmið við hvert verkefni og meta þau eingöngu. Með tímanum og aukinni færni nemenda er hægt að fjölga markmiðum og um leið þeim atriðum sem á að meta.

Þegar verið er að kveikja áhuga nemenda, t.d. á ritun, ætti fyrst og fremst að meta framlagið sjálft: *Fylgdi nemandi fyrirmælum um efnistöð, titil eða annað sem verið var að biðja hann um?* Með auknum áhuga og sjálfsöryggi og meiri æfingu nemenda á auðvitað að gera kröfur um stafsetningu og málfar. En sköpunin, virknin og viðhorfið eiga að vera í fyrsta sæti.

Það sama má segja um framsögn – það er um of að ætla að meta líkamsstöðu, líkamstjáningu, raddstyrk, framburð, blæ og efnistöð í fyrsta kasti. Nemendur ættu fyrst og síðast að öðlast sjálfs-traust til að standa frammi fyrir bekkjarfélögum og þá dugar að meta eitt eða tvö atriði. Þegar líða fer á veturinn er hægt að gera meiri kröfur og meta fleiri þætti.

Til að námsmatið virki hvetjandi þarf endurgjöfin að vera einföld, jákvæð og gagnleg: *Hvað er vel gert? Hvað þarf að bæta – og hvernig er hægt að gera það?*

Í jafningjamati (og allri endurgjöf) þarf að vanda orðaval þar sem aðeins má gagnrýna vinnuna og verkið – en ekki nemandann sjálfan.



### **Hrós:**

- Mér finnst gott hvernig þú ...
- Þér tókst sérlega vel upp í/við ...
- Ég naut þess að lesa kaflann þar sem þú ...

### **Tillögur að úrbótum:**

- Það sem vantar helst er ...
- Ég skil ekki hvað þú átt við með ...
- Það væri betra ef ...
- Þú þarft að gæta betur að stafsetningu/lengd setninga/greinaskilum ...

### **Sá sem tekur við gagnrýni þarf að:**

- hlusta vel
- spyrja ef eitthvað er óljóst
- hafa hana í huga við næsta verkefni.

Gátlistar af ýmsu tagi eru gagnlegir bæði fyrir nemendur og kennara. Þá gildir einu hvort kennari fyllir þá út, nemandi eða jafningjar. Við gerð gátlista getur verið gott að hafa nemendur með í ráðum. Þeir sjá þá hvaða kröfur eru gerðar til þeirra, vita fyrirfram hvað á að meta og geta sjálfir haft áhrif á námsmálið með tillögum að atriðum sem á að meta í hvert skipti. Slík vinna krefst virkni nemenda og gerir þá um leið ábyrga fyrir eigin námi og vonandi sjálfstæðari.

## **Upphitun fyrir veturinn**

*Hvar finnum við tungumál í umhverfi okkar? Hvar er það notað? Hvernig er það notað? Hver er að ávarpa mig hverju sinni og hvernig gerir hann það?* Í upphafi vetrar þarf að hvetja nemendur til að horfa vel í kringum sig; opna augun rækilega, hlusta, skynja og taka eftir því hversu víða tungumálið er að finna og hversu stór hluti það er af okkar daglegu tilveru. Nemendur eru sendir út af örkinni til að taka eftir letri, táknum, myndum ... tungumálið er alls staðar og hvergi!

## **Að lokum – gefðu þér tíma!**

Bæði *Kveikjur* og *Neistar* eru bækur sem krefjast mikils af nemendum – en ekki síður af kennurum. Verkefnin hafa gjarnan persónulega nálgun og þau geta verið tímafrek, bæði þegar nemendur leysa verkefni og við úrvinnslu kennara.

Því er mikilvægt að hafa í huga að ekki er þörf á að spæna í gegnum allt efni bókarinnar eins og það leggur sig. Að leggjast vandlega yfir vel valin verkefni og gefa þeim þroskatíma er í raun það sem skiptir mestu máli og er líklegast til að efla nemendur og auka áhuga þeirra á íslenskunni og sköpunarmættinum. Einnig er brýnt að nemendur fái tækifæri til að velja verkefni sem vekja áhuga þeirra.

Í þessum kennsluleiðbeiningum birtum við svör við öllum verkefnum þar sem eiginleg svör er að finna en mörg verkefnanna eru þó þess eðlis að slíkt er óþarfi. Einnig er vert að benda á nýjan málfræðivef Námsgagnastofnunar, Málið í mark, en þar geta nemendur, bæði heima og í skólanum, notað skemmtilegar tæknilausnir til að þjálfa betur málfræðipækkingu sína.

Gangi þér vel með þetta fjöregg sem við eigum öll – valdataekið og leiktækið, íslensku!

# 1. kafli – Heimurinn vill heyra í þér ...

Það er með ráðum gert að heill kafli er tileinkaður framsögn, tjáningu og umræðum. Þessir þættir mæta oft afgangi í skólastarfi, hvað sem svo ræður, en þó eru allir sammála um mikilvægi þeirra. Ef framsögn og/eða tjáning er sjaldan á stundaskránni er hætt við að nemendur öðlist ekki sjálfsöryggi og upplifi sig á byrjunarreit í hvert skipti sem þeir standa frammi fyrir áheyrendum. Við trúum því að þessi nálgun efli nemendur og verði til þess að þeir skjálfi minna og sjaldnar með hverju verkefninu, ekki síst ef þau eru unnin í beit.

Flestum finnst erfiðara að flytja upphátt eigin texta en annarra og því er gott að byrja á þeim endanum, t.d. með því að lesa ljóð eða fréttir. En þó verður ekki undan því komist að flytja eigið mál, hvort sem það er skáldskapur, skoðun eða gagnrýni. Látið nemendur sem oftast flytja eigin texta til að öðlast færni og sjálfstraust. Gott er að skipta bekknum upp, einn hópur flytur tiltekið verkefni upphátt og annar næsta verkefni o.s.frv. Það þurfa ekki allir að lesa/flytja öll verkefni upphátt. Að hlusta á aðra felur líka í sér heilmikið nám og sér í lagi ef nemendur fá uppgefið hverju á að hlusta eftir og fylgjast með, t.d. hraða, áherslum, öndun, líkamstjáningu o.s.frv.

Það getur skilað mun markvissari árangri ef færri þættir eru þjálfaðir í einu, t.d.: Í þessu verkefni æfum við öndun, hraða og áherslur, í næsta verkefni æfum við það sama og bætum við skýrmæli og líkamstjáningu o.s.frv.

Nemendum kann að þykja skrytið að það þurfi að „kenna“ umræður því þeir tala jú við annað fólk alla daga. Meginmarkmiðið er að fá nemendur til að hugsa um hvaða skoðanir þeir hafa á hinum ýmsu málefnum – og ekki síður hvernig þeir ætla að koma þeim á framfæri. Það er öllu flóknara að taka afstöðu, setja mál sitt fram á skýran hátt og hlusta á þá sem við er rætt en að eiga í hversdagslegu spjalli við vini.

Gáttlistar í kaflanum er ætlaðir til að auðvelda nemendum að undirbúa sig fyrir framsögn og umræður og því um að gera að nota þá og láta nemendur velta efni þeirra fyrir sér, t.d. hvaða máli augnsamband skiptir, af hverju þarf að hlusta á aðra og sýna skoðunum þeirra áhuga o.s.frv. Ekki er síður mikilvægt að skoða þá þætti sem snúa að því að meta eigin flutning og þátttöku, sem og gagnrýni annarra. Ef við veltum ekki fyrir okkur hvað gekk vel og hvað mætti betur fara náum við varla miklum framförum. Hér þarf að leggja áherslu á jákvæða og uppbyggilega gagnrýni og til að hægt sé að rýna til gagns þurfa nemendur að vita hvað á að meta og hvernig og sem fyrr gildir að fara meðalveginn með því að taka fá atriði fyrir í einu.

## Til umræðu:

*Af hverju þurfum við að æfa framsögn? Hver er munurinn á framsögn og tjáningu? Er einhver munur þar á? Er öðruvísi að flytja eigið mál en texta eftir aðra? Í hverju er sá munur fólgin (ef einhver)? Hvað má og hvað má ekki þegar fólk flytur ræðu? Gilda einhverjar reglur? Hvað með óskráðar reglur? Hvert er hlutverk áheyrenda? Hvað þarf að hafa í huga þegar fólk talar saman um ákveðin málefni? Má segja hvað sem er, hvenær sem er? Eru til lög og reglur sem leyfa eða banna það? Hvað með óskráðar reglur, eru þær til í þessu samhengi? Af hverju þarf að vanda mál og vera kurteis í samræðum?*

## Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

- 1) Til að auðvelda nemendum að stíga fyrsta skrefið eftir langt frí getur verið gott að leyfa þeim að fara í ákveðið hlutverk, s.s. að flytja texta með tölvurödd, eintóna o.s.frv. Eins er hægt að lengja listann og bjóða upp á að flytja textann eins og íþróttafréttamaður, flugfreyja, prestur við guðspjónustu, þulur í dýralífsþætti o.s.frv.  
Að „þykjast vera einhver annar“ hefur reyndar ótrúlegt töfragildi í allri svona tjáningu og skýrasta dæmið um það er trúðsnefið – ef maður er með trúðsnef leyfist manni nánast hvað sem er, eða hvað?
- 2) Áður en farið er í 3. verkefni er ráð að hlusta á ljóðaupplestur, t.d. á nams.is eða hlusta.is og láta nemendur þæla í takti, áherslum, raddstyrk, blæbrigðum og hrynjandi.
- 3–4) Hér er hugmyndin einfaldlega sú að mæta efni af handahófi og gera bara sitt besta. Það er mikilvægt að nemendur skrái ekki ræðuefni á miða sem þeir treysta sér ekki sjálfir til að halda tölu um. Kennari getur að sjálfsögðu sjálfur verið tilbúinn með ræðuefni á miðum.

### Til umræðu (fleiri hjálparleiðir):

*Er hægt að hafa not af fyrirbærinu?*

*Er það skaðlegt fyrir eitthvað eða einhverja?*

*Hverjir eru kostir og gallar þess?*

*Er það ómissandi fyrir lífríkið, fyrir fólk, fyrir dýr?*

Einnig er hægt að benda nemendum á að beita ýmsum stílbrögðum, s.s. myndmáli, háði, andstæðum o.fl. til að koma sér af stað eða til að ná athygli hlustenda.

Eftir að hafa unnið bæði verkefni ættu nemendur að velta vandlega fyrir sér hvoru verkefninu þeir skiluðu betur frá sér og hvað það var sem gerði það að verkum.

- 5) Þetta verkefni má útfæra á þann hátt að bekknum er skipt upp í hópa og hver hópur flytur ljóð með ákveðnum hætti, s.s. tregafullur, glaðvær, háðskur o.s.frv.
- 7) Til umræðu:

*Hvernig ætlið þið að ná eyrum yfirvalda?*

*Hvernig ætlið þið að sannfæra þau?*

*Hvernig ætlið þið að færa rök fyrir máli ykkar?*

*Hvaða dæmi ætlið þið að nota til að styðja við rökin?*

*Hver gætu möguleg mótrök yfirvalda verið og hvernig getið þið svarað þeim?*

Í *Beinagrindum* – *Handbók um ritun* er að finna leiðbeiningar fyrir rökfærsluritun:  
<http://www.nams.is/Namsefni/Namsgrein/?searchtype=store&search=beinagrindur>.

- 10–16) Í þessum hópverkefnum eru hóparnir misstórir. Að láta nemendur fara í nýjan hóp við hvert verkefni er ögrun sem þeir gætu lært mikið af.

- 10) Fyrir þetta verkefni þarf að fara vel yfir gátlista fyrir umræður – þetta er fyrsta æfing fyrir alla til að segja sína skoðun og færa rök fyrir henni. Umræður sem þessar bjóða upp á nokkra möguleika í hópaskiptingu:

- Eftir skoðunum nemenda, t.d. með því að láta þá raða sér á ósýnilega línu eftir því hversu sammála þeir eru fullyrðingunni (sammála á öðrum enda og ósammála á hinum og svo má raða sér hvar sem er þar á milli). Hægt er að velja saman þá sem eru sammála eða með mismunandi skoðanir.
- Eftir kynjum – eru skoðanir og umræður ólíkar eftir kyni?
- Tilviljanakennd skipting.

Í seinni hluta verkefnis eru nemendur líklegri til að velja þátttöku sinni betur fyrir sér ef þeir eru látnir vinna verkefnið skriflega, jafnvel í samræðum við annan innan hópsins.

12) Til umræðu:

*Af hverju ætti að borga nemendum fyrir námsárangur?*

*Hverjum á að borga?*

*Fyrir hvað? Hvar liggja mörkin?*

*Hvað með nemendur með námserfiðleika? Hvar liggja þeirra mörk?*

*Hver á að borga?*

*Hvað á að borga mikið?*

## Aukaverkefni

- **Talkór.** Nemendur flytja texta í misstórum hópum, allt frá þörum upp í allan bekkinn. Hægt er að nota tungubrjóta, laglínur, ljóð, valin ljóða- eða söngtextaerindi o.fl. og velja um ólíkan flutning s.s. söng, hvísl, fjölbreyttan talanda, t.d. vélmenni, harmþrunginn, biðjandi eða eintóna talanda og margt fleira.
- **Mínúttumás.** Nemendur skrifa nöfn mjög þekktra einstaklinga, s.s. leikara og teiknimyndapersóna á miða og setja í skál. Nemendur draga miða og flytja texta (ljóð, brandara, stutta frétt eða annan stuttan texta) með rödd og töktum þess sem var á miðanum.
- **Að lýsa, sýna og segja frá.** Nemendur koma með áhugaverðan hlut að heiman og segja frá honum í stuttu máli fyrir framan bekkinn. Skemmtileg útfærsla af þessu verkefni er að nemendur hafi hlutinn falinn til að byrja með; að þeir byrji á því að fjalla um hann og lýsa honum áður en þeir sýna hann. *Af hverju er hluturinn áhugaverður? Hefur hann gildi fyrir mig persónulega? En fyrir aðra fjölskyldumeðlimi? Hverju tengist hann? Minningum? Tilfinningum? Eða einhverju allt öðru?*
- **Að æfa flutninginn.** Nemendur flytja ræðu, annars vegar um málefni sem þeir þekkja vel eða er þeim hugleikið og hins vegar um efni sem er fjarri áhuga þeirra.  
Þannig er hægt að sýna að yfirleitt er auðveldara að fjalla um eitthvað sem maður þekkir eða hefur áhuga á og/eða vit á en einnig kemur fram að yfirleitt er auðvelt að finna mótrök fyrir báðum hliðum.
- **Páfagaukalærdómur – upplestur.** Nemendur læra ljóð utanbókar og flytja fyrir bekkinn. Hér er tilvalið að nota talkór.
- **Nemendur hlusta á enskan fyrirlestur** (slóðir hér í ítarefni). Þetta er margþætt verkefni og engin hending að notast er við enska fyrirlestur, þótt hér sé um íslenskubók að ræða.

Markmiðið er að sjálfsgöðu að fá nemendur inn í mjög virka hlustun og ef þeir vita fyrirfram að þeir eiga að punkta niður meginefni fyrirlestrarins og endursegja það, fer öll íslenskuþekking þeirra í fulla virkni. Að þýða texta úr ensku yfir í íslensku, ekki síst í litlum nemendahópi, hefur einnig mikið gildi.

### 1. hluti – Bekkurinn hlustar á fyrirlesturinn með kennaranum

Að því loknu er bekknum skipt í 3–4 manna hópa sem ræða og punkta niður meginefni hans. Hóparnir standa upp við töfluna og segja frá helstu niðurstöðum sínum, kennarinn skráir þær á töfluna og smám saman birtist á töflunni heildarmynd af efni hans.

### 2. hluti – Hóparnir skrásetja hluta af fyrirlestrinum

Fyrirlestrinum er skipt upp þannig að hver hópur hafi u.þ.b. eina mínútu til að skrá niður með nákvæmum hætti.

### 3. hluti – Hóparnir þýða sinn texta

Nemendur þýða sinn hluta yfir á góða íslensku. Hóparnir þurfa sérstaklega að yfirfæra áherslur og tilfinningar fyrirlesarans yfir á íslensku þýðinguna.

### 4. hluti – Hóparnir flytja sinn texta

Þetta er síðasti hluti verkefnisins og þar gefst hópunum færi á að flytja sinn hluta fyrirlestursins – á sinn hátt. Einnig er hægt að haga verkefninu þannig að hóparnir skiptist á textum fyrir þennan síðasta hluta og þurfi þannig að flytja óséðan texta.

- **Alþingisræða.** Nemendur hlusta saman á eina ræðu af vef Alþingis og punkta hjá sér hugrenningar og hugdettur. Í síðari hluta verkefnisins fá nemendur texta ræðunnar og vinna með hana frekar:
  - o nemendur flytja ræðuna upp á eigin spýtur og á annan hátt en upprunalegi ræðumaðurinn (t.d. hátíðlega, kæruleysislega eða með myndnum áherslum)
  - o nemendur uppfæra ræðuna til nútímans en halda efnisatriðunum réttum (breyta orðfæri).

## Ítarefni

- TedX fyrirlestur Sigríðar Maríu Egilsdóttur, Three Generations: <http://www.youtube.com/watch?v=ngqkfBcWkGk> ???
- TedX fyrirlestur 13 ára drengs, Logan LePlante, um óformlega menntun: *Hackschooling makes me happy* <http://www.youtube.com/watch?v=h11u3vtcpaY>
- Malala Yousafzai, 16 ára pakistönsk stúlka var skotin í höfuðið fyrir að berjast fyrir réttindum stúlkna til menntunar. Hér er ræða sem hún flutti á þingi Sameinuðu þjóðanna: <https://www.youtube.com/watch?v=5SCImL43dTo>
- Malala Yousafzai, yngsti handhafi friðarverðlauna Nóbels, flytur ræðu þegar verðlaunin eru kunngerð: <https://www.youtube.com/watch?v=66tIRTm91F8>
- Alþingisræður: <http://www.althingi.is/vefur/texti.html>
- Um framsögn, ræðumennsku og viðtalstækni: <http://vefir.nams.is/malbjorg/framsogn.html>

## 2. kafli – Málfræ – æði og fleira til

Annar kafli bókarinnar er fyrri kafli af tveimur sem fjallar að einhverju leyti um málfræði og það er með vilja gert að honum er skeytt saman við málsnið og málnotkun. Það kemur til af þeirri trú höfundna að málfræðikennsla eigi fyrst og síðast að fjalla um *notkun* tungumálsins og að með því að fá nemendur til að þæla í ólíkri virkni orðflokka og málfræðihugtaka sé hægt að kveikja áhuga þeirra á þessu umdeilda fyrirbæri, málfræðinni.

Í fyrri hluta kaflans er sjónum beint að fjölbreyttu talmáli, ritmáli og ólíkum birtingarmyndum þess og einnig því sem við köllum rafmál, sem verður sífellt fyrirferðarmeira í nútímasamfélagi og er oft og tíðum eins konar blanda af ritmáli og talmáli.

Það getur verið svolítið flókið fyrir kennara (og námsefnishöfundna) að fást við þessa hlið íslenskunnar. Að ýta undir „hreitungustefnu“ er ekki æskilegt, enda værum við þá að horfa rækilega framhjá þeirri staðreynd að tungumálið er í sífelldri þróun, hvern einasta dag. Að ýta undir „reglu-leysi“ eða segja „að allt sé leyfilegt“ er heldur ekki rétta leiðin.

Meðalhóf og virðing fyrir fjölbreytileikanum hlýtur því að vera lykillinn. Við hvetjum nemendur til að vanda mál sitt og bera sjálfir ábyrgð á því hvernig þeir tala og tjá sig – t.d. með því að nota þær hjálparsíður sem er að finna á netinu þegar málfarið verður að vera vandað. Við leggjum líka mikla áherslu á að stór hluti tjáningar okkar (sama hvort við erum venjulegir nemendur, skólastjóri eða málfarsráðunautur) er í eðli sínu „kolröng“ og út um allt ... þá erum við að vísa til talmálsins í hversdeginum og í kaflanum förum við nokkrar ólíkar leiðir til að draga þessa staðreynd fram.

Hver er þá rétta leiðin? Að okkar mati er hún sú að nemendur læri að draga skýr mörk á milli ritmáls, talmáls og rafmáls og þeir skilji að ekki gangi að nota talmál í ritgerðum, rétt eins og það passar illa að nota ritmál í spjalli á samfélagsmiðlunum. Hver tjáning á sinn buning – sína rödd.

Í seinni hluta kaflans er fjallað um óbeygjanleg orð (smáorð) og einkenni þeirra. Hér er áherslan fyrst og fremst á hversu merkingarbær þau eru og að eitt lítið orð geti haft úrslitaáhrif á merkingu málsins. Nemendur hafa hingað til lítið þurft að hugsa um óbeygjanleg orð – þeir nota þau rétt að mestu leyti og gera það án umhugsunar – en þeim hefur hins vegar reynst erfitt að þekkja þessa orðflokka í sundur. Við teljum að með því að útskýra fyrir þeim hversu merkingarbær orðin eru muni þeim reynast auðveldara að þekkja þessa orðflokka í sundur.

Mikilvægt atriði um málfræðina sem gott er að kennari komi til skila: Langflestir nemendur kunna málfræðireglurnar jafnvel þótt þeir geri stöku beygingarmistök eða fari með ambögur. Við *kunnum öll málfræði* vegna þess að *við lærum hana sjálfkrafa* þegar við lærum að tala. Þetta má ekki gleymast í umræðunni – jafnvel þótt við viljum að sjálfsgöðu að allir leggi sig fram um að bæta sig í þessu eins og öðru.

### Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

- 1) Til umræðu: *Hvað er texti? Er texti alltaf ritað mál? Getur talmál flokkast sem texti? Hvað er það sem greinir talmál og ritmál í sundur? Hvað einkennir hvorn flokkinn? Er alltaf auðvelt að greina á milli?*

Texti 1 er spjall tveggja þáttgerðarmanna í útvarpi, texti 2 er brot úr skáldsögu, texti 3 er frétt úr dagblaði og texti 4 er úr sjónvarpsviðtali (sjá textatilvísanir aftast í námsbók).

3) „Útfríkað æfintýr“.

Slangur og slettur	Nafnorð	Lýsingarorð	Sagnorð	Óbeygjanleg orð	Önnur orð
<b>útfríkað</b>	æfintýr	<b>útfríkað</b>	bíddu	bráðum	allri
<b>sóðal</b>	ögn	notalegt	verður	af	okkar
<b>pleis</b>	Lísa	pólítískt	létt	við	annað
<b>kamparí</b>	bölvun	rétt	syngjandi	og	eins
<b>dress</b>	lífi	léttvæg	göngum	í	tvo
<b>kósý</b>	sólinni	gagnsæ	bökuð	löngum	sér
<b>altöffasta</b>	<b>sóðal</b>	liðkandi	er	á	allur
<b>úniformi</b>	<b>pleis</b>	tvöfalda	hefurðu	af	mig
<b>feis</b>	<b>kamparí</b>	<b>kósý</b>	litið	í	við
<b>frík</b>	lífinu	hress	hafa	og	sig
	augum	gekk	haft	en	þú
	dress	orðalaust	koma	ekki	mér
	klæði	<b>altöffasta</b>	vera	upp	hann
	áhrif	lengst	flaug	jú	slíka
	stress	einstök	mátti	inn	ég
	dæmið	lík	viðra	með	það
	skarinn		hefur	ónei	hvert
	tauinu		dæmt	til	sumir
	tuddi		láttu	að	slík
	<b>úniformi</b>		fylgja	nú	allt
	dómsorð		datt	einnig	hvað
	tungu		skildi	uppúr	allsengu
	gólfinu		læddist	ekki	einn
	glott		hlógu	niðrúr	eitt
	<b>feis</b>		sanna	á	sinn
	sanngirni		sannað	líka	
	heims		skyldi	sem	
	stað		kemur	nema	
	<b>frík</b>			þunglega	
				niður	

- 6) Áður en farið er af stað í þetta verkefni er gott að hlusta á morgunþætti tveggja til þriggja útvarpsstöðva og velta fyrir sér uppbyggingu þáttanna, talanda og málsniði þáttastjórnenda, andrúmsloftinu, umræðuefni o.þ.u.l.



### Ræður bls. 33

Ræða 1 er lesin af blaði en ræða 2 er flutt blaðlaust.

Hér er hægt að horfa/hlusta á ræðu 1:

<http://www.althingi.is/alttext/upptokur/raeda/?raeda=rad20140128T134106>

og hér á ræðu 2: <http://www.althingi.is/alttext/upptokur/raeda/?raeda=rad20140129T172028>

- 9) Til umræðu: *Hvernig eru samtöl í þeim bókum sem nemendur lesa? Eru þau áþekk þeim samtölum sem þeir eru þátttakendur í dags daglega? Eru þau raunveruleg og trúverðug? Er hægt að gera þau raunverulegri? Hvernig kæmi út að hafa öll hikorð og hugsanabil í rituðum texta?*

Í þessu verkefni kemur fram mikilvæg staðreynd sem vert er að nota í umræður við nemendur – nefnilega sú að raunverulegt talmál kemur eiginlega aldrei fyrir í bókmenntum. Stundum nota höfundar frjáltsleg samtöl inn á milli en þau eru samt sjaldnast jafn ruglingsleg og raunveruleg samtöl. Með því að bera saman þessi tvö samtöl úr bókmenntum við niðurstöður úr verkefni 4 kemur þetta berlega í ljós – í rauninni eru munnleg samskipti nánast óskiljanleg ... en samt náum við oftast að skilja hvert annað!

- |                         |                                   |
|-------------------------|-----------------------------------|
| 12) um kvöldið – þf.    | gegnum grunlausa mömmu sína – þf. |
| í Grafarvog – þf.       | í skæruliðabúningnum sínum – þgf. |
| í varðstöðu – þf.       | að augum – þgf.                   |
| við götuna – þf.        | við herklæðin – þf.               |
| á verkstæði – þgf.      | með honum – þgf.                  |
| í gamalli skemmu – þgf. | til okkar – ef.                   |
| Að þessu – þgf.         |                                   |

### Atviksorð bls. 43

Atviksorð skiptast í:

- háttaratviksorð (hvernig eitthvað er gert)
  - staðaratviksorð (hvar eitthvað á sér stað)
  - tíðaratviksorð (hvenær eitthvað gerist)
  - spurnaratviksorð (þegar spurt er um hátt, stað og tíma með orðunum hvernig, hvar og hvenær)
  - áhersluatviksorð og atviksorðið *ekki* – sem hvergi á heima.
- 16) Rauðu orðin eru lýsingarorð og vilja hanga með öðrum fallorðum og bláu orðin eru atviksorð sem vilja hanga með sagnorðum, lýsingarorðum og öðrum atviksorðum.
- 17) Mörg háttaratviksorð stigbreytast og hér eru nokkur dæmi:
- |                                  |                              |
|----------------------------------|------------------------------|
| illa – verr – verst              | hægt – hægar/hægara – hægast |
| vel – betur – best               | lítt – miður – minnst        |
| hratt – hraðar/hraðara – hraðast |                              |

- 18) Til umræðu: *Hvaða áhrif geta svona breytingar haft, þ.e. að orð fá nýja eða öfuga merkingu? Hvernig smakkast „ógeðslega góður matur“? Hvernig eru geðveikislega flottar buxur? Geta hlutir verið veikir á geði? Er í lagi með allar svona breytingar eða geta þær verið slæmar að einhverju leyti?*

Hér er hægt að vekja athygli á fleiri orðum og orðræðu almennt, s.s. orðunum *þroskaheftur og kelling og að spila/sparka eins og stelpa* og fleira. Hugaður kennari getur einnig opnað á umræðu um þau orð sem tungumálið á yfir kynfæri karla og kvenna. Í slíkri umræðu er hægt að koma inn á hvernig nánast öll orð yfir kynfæri karla eru jákvæð (orðið *pungur* er þar líklega eina undantekningin) á meðan langflest orð yfir kynfæri kvenna eru líka notuð sem blótsyrði.

Þetta er að sjálfsögðu viðkvæm umræða sem kennari þarf að halda vel utan um en að okkar mati á hún að vera sjálfsögð, enda eru þetta svið sem geta vakið mikinn áhuga hjá nemendum á eðli tungumálsins og hvernig það er gildishlaðið.

### Samtengingar bls. 46

Til umræðu: *Hafa samtengingar merkingu? Er merkingarmunur á samtengingunum og, en og eða? Hvað með vegna þess að og þó að?*

Og = einnig, líka – Ég og þú fáum ís.

En = notað þegar e-ð er undanskilið – Ég fékk ís en ekki þú.

En = notað í samanburði – Ég fékk stærri ís en þú.

Eða = valkostur – Viltu vanillu- eða jarðarberjaís?

Hér er tilvalið að ræða flokka aukatenginga og hvort heiti þeirra segi eitthvað til um eðli tenginganna.

- 22) Aðaltengingar: og – en – eða – ellegar – heldur – enda – bæði og – hvorki né – annað-hvort eða – ýmist eða

Aukatengingar: að – af því að – því að – vegna þess að – þar sem – ef – nema – þó að – þótt – til þess að – þegar – áður en – meðan – uns – er – þangað til að – hvort – hvort sem

Ein samtenging, *hvort – eða*, getur bæði talist sem aðaltenging og aukatenging.

- 24) Í fyrra dæminu er já samtenging en í því seinna er það hvorugkyns nafnorð, það fallbeygist.

- 25) Hann talaði við *frekar* skemmtilegar og gáfaðar konur í gær. **Atviksorð.**

Hann talaði við *frekar*, skemmtilegar og gáfaðar konur í gær. **Lýsingarorð.**

Þetta er *bærilegur* dagur. **Lýsingarorð.**

Ég hef það *bærilegur* í dag. **Lýsingarorð.**

Adolf sagði að Júlía kæmi rétt strax. **Samtenging.**

Er strætó *að* koma? **Nafnháttarmerki.**

Báturinn sigldi *að* landi. **Forsetning.**

Bátinn rak *að*. **Atviksorð.**

Þetta er *sæmilega* unnið hjá þér. **Atviksorð.**

Þú náðir *sæmilega* árangri. **Lýsingarorð.**

Ertu *til*? **Atviksorð.**

Komdu *til* mín. **Forsetning.**

26) Ási á Á á á á á beiti. Fimm á.

Ási á (fs.) Á (no.) á (so.) á (no.) á (fs.) beiti.

## Aukaverkefni

- **Slangur í dægurlögum.** Nemendur skoða dægurlagatextann *Valur og jarðaberjamaukið hans* (eða annan texta) og skoða slangur og slettur og merkingu þeirra. Eru þessi orð notuð í dag? Eru önnur komin í þeirra stað?  
<http://textar.midja.is/textar/prentv.asp?ID=516&Tran>
- Ekki er úr vegi að leyfa nemendum einnig að hlusta og jafnvel horfa á lagið:  
<https://www.youtube.com/watch?v=flkm-8xjXOg>
- **Talmálseinkenni eldri kynslóða.** Nemendur rannsaka talmálseinkenni foreldra og/eða ömmu og afa eða annarra af eldri kynslóð.
- **Slangur nú og þá.** Nemendur rýna í slangur. Eru sömu slangurorð notuð í dag og t.d. fyrir 20 árum? Nota unglingar og fullorðnir sömu slanguryrði? Hægt er að taka fyrir slangur dagsins og/eða gera slangurorðabók og styðjast við <http://slangur.snara.is/>.
- **Orðaforði í rappi og poppi.** Nemendur gera samanburð á popptextum og rapptextum. Er mikill munur á orðaforða og málsniði?
- **Samanburður á orðaforða og málsniði.** Nemendur gera samanburð á stöðuuppfærslum samfélagsmiðla hjá jafnöldrum annars vegar og eldra fólki hins vegar. Er munur á orðaforða og málsniði?
- **Óbeygjanleg orð.** Nemendur vinna í hópum þar sem hver hópur vinnur með einn flokk óbeygjanlegra orða og skýrir einkenni, merkingu og notkun orðanna og orðflokksins (upphrópanir og nafnháttarmerki gætu verið saman) og býr til:
  - o veggspjald eða glærusýningu
  - o málfræðiverkefni fyrir aðra bekkjarfélaga til að leysa
- **Bekkjarsmekkurinn.** Af hverju höfum við skoðanir? Vitum við það? Einu sinni í viku fá fimm nemendur það verkefni að koma með fallett orð í skólann, útskýra af hverju þeim finnst það fallett og ræða það við bekkinn. Nemandi getur skrifað orðið á blað, bætt við merkingu, orðflokki, upplýsingum um beygingarfræði o.fl. Hægt að safna saman annaðhvort í bók eða á orðavegg.

- **Fegurðarsamkeppni orða.** Fyrir nokkrum árum var haldin óformleg en nokkuð fjölmenn könnun á netinu þar sem spurt var um fegursta orðið. Þetta urðu niðurstöðurnar:

Ljós móðir : 24% (387 atkvæði)

Hrynjandi: 3% (59 atkvæði)

Kærleikur: 22% (356 atkvæði)

Von: 3% (53 atkvæði)

Dalalæða: 19% (307 atkvæði)

Eilífð: 2% (46 atkvæði)

Gleym-mér-ei: 6% (109 atkvæði)

Djúp: 2% (38 atkvæði)

Andvari: 6% (109 atkvæði)

Friður: 2% (33 atkvæði)

Blær: 3% (61 atkvæði)

Undur: 0% (14 atkvæði)

Síðar var leikurinn endurtekinn á vegum Háskóla Íslands og orðið ljós móðir bar sigur úr bítum. Hvað finnst nemendum um þessar niðurstöður og skýringarnar sem er að finna á heimasíðu verkefnisins? Hver eru þeirra fegurstu orð?

<http://fegurstaordid.hi.is/>

## Ítarefni

- Helgi Seljan, fjölmiðlamaður. Myndband sem sýnir að jafnvel þaulvant fjölmiðlafólk notar hikorð í miklum mæli: [https://www.youtube.com/watch?v=vOTwRhv\\_vkl](https://www.youtube.com/watch?v=vOTwRhv_vkl)
- Myndband um hikorð úr Orðbragði: <http://www.ruv.is/islenskt-mal/hikord>
- Myndband sem sýnir notkun rafmáls í stað ritmáls (formlegs talmáls) úr Orðbragði: <https://www.youtube.com/watch?v=-bLbHIFKhv4>
- Grein Þórunnar Blöndal, Málheimur kennslustofunnar. Aðgreining talmáls og ritmáls í kennslu. <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/029.pdf>
- Gáfaðir nota hikorð: [http://www.mbl.is/monitor/frettir/2014/06/12/herna\\_hikord\\_eru\\_thu\\_veist\\_gafuleg\\_skilurdu/](http://www.mbl.is/monitor/frettir/2014/06/12/herna_hikord_eru_thu_veist_gafuleg_skilurdu/)

### 3. kafli – Ólíkur texti, alls konar ritun, en alltaf sömu lögmálin

Við – sem þjóð – berum mikla virðingu fyrir þeim sem geta skrifað. Að sumu leyti er þetta réttmætt, því það er ákveðin list að geta skrifað, en að mörgu leyti er þetta óheppilegt vegna þess að þetta ýtir líka undir þá hugmynd að það að skrifa og skapa sé bara fyrir suma en ekki alla.

Allir *kunna* að tjá sig. Allir *geta* það. Allir *gera* það. Bara í afar ólíku formi.

Þetta er afar mikilvægt að hafa uppi á borði í allri nálgun þessa kafla – og reyndar allrar bókarinnar. Það er enginn undanskilinn – allir geta skapað.

Kaflinn hefst á því að draga fram þá staðreynd að ritun innkaupalista felur líka í sér skapandi hugsun og gjörð þar sem við beitum ímyndunaraflinu. Að því loknu eru dregin fram ýmis smáverkefni sem öll hafa það einfalda markmið að láta nemendur smjatta á hugmyndinni um sköpun og ritun. Með því að láta nemendur velta fyrir sér hvernig textar líta út og hvað einkennir ólíka texta eru þeir í leiðinni að átta sig á því að þeir vita miklu meira um málaflokkinn en þeir sjálfir halda. Þá er vert að benda nemendum á tengsl ritunar og læsis sem hér kemur fram í þekkingu þeirra á formi, stíl og inntaki ólíkra textategunda.

Í síðari hluta kaflans eiga nemendur svo að skrifa sjálfir og í þeirri vinnu er mikilvægt að allir fái fullt leyfi til að láta gamminn geisa – mundu með nemendum að engar hugmyndir eru *of skrytnar!*

Í allri ritun er gott að hafa í huga að segja ekki aðeins frá með hefðbundnum hætti heldur æfa sig í alls kyns litlum stílbrögðum, t.d. að draga upp myndir og nota lýsingar. Löng og safarík málsgrein þar sem fram kemur lýsing á kaffihlaðborði getur verið jafn skemmtileg og hefðbundin grínfrásögn af neyðarlegu atviki en þá þarf skáldið að grípa til ýmissa stílbragða, t.d. að nota ýkjur, líkingar eða óvæntar tengingar („smurbrauðstertan minnir helst á ...“, „ef þessar pönnukökur gætu talað þá myndu þær án efa ...“).

Rödd sögumannsins er líka mikilvægt tól sem gaman er að leika sér með. Til útskýringar er hægt að spila sama lagið í flutningi ólíkra tónlistarmanna og í mismunandi útsetningu – þetta er jú alltaf sama lagið en bragurinn er allur annar.

Sjónarhorn er líka töfratól sem opnar bókstaflega á óteljandi möguleika. Ef nemendur teikna upp tiltekna aðstæður (t.d. veislu þar sem boðið er upp á fyrrgreint kaffihlaðborð) blasir strax við að hægt er að skrifa frásögnina:

- frá sjónarhorni hvaða gests sem er
- frá sjónarhorni þjóns í veislunni eða flugu á vegg
- frá neikvæðu sjónarhorni
- frá jákvæðu sjónarhorni
- í nútíð, þátíð eða jafnvel framtíð (þar sem gesturinn er á leiðinni í veisluna og gerir sér hana í hugarlund).

Þegar maður velur sér sjónarhorn er mikilvægt að halda sig við það allan tímann, því annars verður textinn ekki trúverðugur. Ef frásögnin fer t.d. fram í gegnum sex ára stúlku þarf hún öll að vera út frá því, ekki bara það sem hún segir heldur líka það sem hún hugsar og hvernig hún skynjar og sér umhverfið.

Hið mikilvægasta í allri nálgun við ritun sem viðfangsefni er að nemendur fái til að prófa ólíka hluti og fái til að taka afstöðu til þess hvað þeim líkar og hvað þeim líkar ekki. Um leið og nemandi fílar sjálfur það sem hann er að skrifa eru margfalt meiri líkur á því að hann haldi áfram að vilja þróa sig.

Og til þess er leikurinn gerður!

### Hjálp í viðlögum ...

Á bls. 57 er að finna heilsíðu sem fjallar um að leita sér aðstoðar upp á eigin spýtur. Staðreyndin er sú að allir sem vinna með tungumál á reglulegum grundvelli (höfundar þar meðtaldir) notast við ýmis hjálpartól – enda eru ekki einu sinni færustu kennarar eða skáld með allar beygingar á hreinu eða réttar útgáfur af öllum orðtökum. Kennari sem getur gert nemendur færa í því að leita sér aðstoðar leysir afar mikilvægt verkefni.

Við hin ýmsu ritunarverkefni er gott að styðjast við vinnuna úr 1. kafla, t.d. gátlista (bls. 13) og verkefni þar sem undirbúningur fyrir málflutning fór fram.

## Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

2) Hér er hægt að nýta texta að vali kennara eða textann *Kvikmyndagagnrýni* sem er að finna í fylgiskjali.

4) Botn fyrri texta sem er bloggtexti Gísla Marteins Baldurssonar <http://www.gislimarteinn.is/?p=648>:

Af því ég veit að lesendur þessarar síðu eru æsispenntir, ég ítreka æsispenntir, yfir framvindu þessara mála, er ekki útilokað að ég setji inn frekari fréttir af sprettunni og uppskeru, ef einhver verður.

Botn seinni textans sem er kímnisagan *Mín hefur augu og mitt hefur nef* <http://www.snerpa.is/net/thjod/minaugu.htm>

Síðan kemur kerling inn og spyr karl um barnið. Karl sagði: „Æ, kerling mín, minnstu ekki á það! Það flaug út og upp til himins!“ og það hana auðmjúklega fyrirgefningar á broti sínu og heimtaði aldrei síðan af henni að eiga þeim króga.

## Aukaverkefni

- **Bókarkápan.** Nemendur búa til titil á bók og skrifa stuttan útdrátt og umsagnir um bókina eins og birtist gjarnan aftan á bókarkápu.
- **Herbergi 113.** Nemendur skrifa hvaða textategund sem er út frá þessu heiti; smásögu, ljóð, bókrýni, frétt, dagbók lögreglu, brandara, skýrslu réttarlæknis, leiðbeiningar, tískublogg eða hvaðeina sem þeim dettur í hug.
- **50 hlutir sem ég elska (50 atriði sem mig langar að gera í lífinu).** Nemendur skrifa/teikna 50 hluti/atriði sem þeir elska eða langar að gera í lífinu. Að því loknu eru þeir komnir með heillangan lista yfir ritunarverkefni sem getur nýst þeim þegar þá vantar hugmyndir.

## Ítarefni

- Myndasögugerð á netinu: <http://www.makebeliefscomix.com/Comix/>
- Beinagrindur. Handbók um ritun. <http://vefir.nams.is/beinagrindur/index.html>
- Ritfærni, vefur: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=bc98a396-faa2-4ecf-bde8-c5c659273288&categoryid=96110466-f917-45db-ab2a-56670b5b2fb1>
- Greinar rithöfunda um ritstörf: <http://www.rithringur.is/articles.asp>

## 4. kafli – Þú ert græjan: Um lestur, læsi og úrvinnslu

Meginmarkmið kaflans er að auka einbeitingu, eftirtekt og athygli. Betri lesskilningur. Eins og fram hefur komið eru margir orðnir svo vanir að skima texta að þeir eiga erfitt með að virkilega leggjast yfir og setja sig inn í texta af nokkurri dýpt. Hér drögum við athyglina rækilega að textanum með ólíkum hætti og með því er stefnt að aukinni lestrarfærni og greiningarhæfileikum nemenda. Eins og svo oft áður reynum við að minna á að nemendur búa nú þegar yfir hæfileikanum sem er til umfjöllunar en í þessu tilfelli þarfnast hann sífelldrar þjálfunar.

Meðal þess sem við veltum upp er hvernig rithöfundar skapa stemmningu og fanga lesandann. Hvernig sjáum við samhengi í texta? Hver eru aðalatriði í texta og hvernig er gott að greina þau? Hvaða áhrif hafa ólík sjónarhorn á lesendur? Hvernig á að lesa gröf? Hvaða upplýsingar er hægt að lesa úr þeim? Er sá sem segir frá alltaf áreiðanlegur eða hefur afstaða hans áhrif á frásögnina?

### Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

#### Hvað er fyndið og af hverju? bls. 74

Í texta Olgu Guðrúnar má draga athyglina að því að sögumaður er greinilega mjög meðvitaður um það hvernig fjölskyldan er samsett, hann notar mjög gildishlaðna tjáningu (t.d. þegar hann segist vilja „njóta“ geðvonsku sinnar), ríkt myndmál og hugmyndaauðgi í andstæðum. Í talblöðrum í kringum textann er einnig að finna fleiri mola um stíl höfundar.

- 1) Til umræðu: *Hver er munurinn á þessum textum? Hvorn textann er auðveldara að lesa? Að skilja? Hvor þeirra höfðar betur til ykkar? Af hverju?*
- 3) Hliðstæðurnar milli stráksins og maðksins eru þær að ungi pilturinn, kotdregurinn, er í stöðu Guðs þegar hann ákveður örlög maðksins með því að traðka á honum.

#### Kjarninn og hismið bls. 80

Til umræðu: *Af hverju nota höfundar, blaðamenn og aðrir sem skrifa texta tiltekin stílbrögð? Hvaða áhrifum eiga þau að ná fram? Af hverju skrifa þeir ekki aðeins aðalatriðin og sleppa öllum aukaatriðum? Hvaða máli skipta aukaatriðin fyrir textann?*

*Hvernig er best að lesa yfir þessa grein og finna aðalatriðin, greina þau frá aukaatriðunum? Hvernig getur slík vinna verið góður undirbúningur fyrir útdrátt eða endursögn?*

- 5) Hér eru upprunalegir textar úr textaruglingi:  
Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu. Á meðan pastað sýður er beikon-ið steikt þar til það byrjar að verða stökkt. Takið beikonið af pönnunni og setjið það á eldhúspappír. Hellið fitunni af pönnunni en skolið hana ekki. Setjið pönnuna aftur á helluna, lækkið hitann (ég nota stillingu 3 af 9) og steikið lauk og hvítlauk þar til hann er orðinn mjúkur og kominn með gylltan lit. Hrærið saman eggjum, fínrifnum parmesan, rjóma, salti og pipar í skál og leggið til hliðar. Þegar pastað er tilbúið er vatninu hellt af (geymið þó 1–2 dl af pastavatninu) og pastað sett aftur í pottinn. Hellið parmesan eggja-blöndunni hægt út í og hrærið stöðugt í pastanu á meðan. Bætið beikoninu og lauknum saman við og hrærið öllu saman. Berið fram með ferskum parmesan og meira af pipar.  
<http://ljufmeti.com/2013/10/15/pasta-carbonara/>



Hafdís Sigurðardóttir hefur verið valin íþróttamaður UFA árið 2013. Hafdís bar höfuð og herðar yfir keppinauta sína í spretthlaupum og langstökki á Íslandi á liðnu ári. Hún setti þrjú Íslandsmet og vann fjölda Íslandsmeistaratitla. Fyrsta Íslandsmetið setti Hafdís í flokki fullorðinna í sumar er hún tvíbætti metið í langstökki kvenna og stökk 6,31 m og síðan 6,36 m. Þar með bætti hún met Sunnu Gestsdóttur frá árinu 2003 um sex sentimetra. Hún bætti svo um betur í sumar og setti einnig Íslandsmet í 60 og 300 m hlaupum kvenna.

<http://www.vikudagur.is/>

[vikudagur/%C3%AD%C3%BEr%C3%B3ttafr%C3%A9ttir/2014/01/08/hafd%C3%ADs-%C3%AD%C3%BEr%C3%B3ttama%C3%B0ur-%C3%A1rsins-hj%C3%A1-ufa](http://www.vikudagur.is/%C3%AD%C3%BEr%C3%B3ttafr%C3%A9ttir/2014/01/08/hafd%C3%ADs-%C3%AD%C3%BEr%C3%B3ttama%C3%B0ur-%C3%A1rsins-hj%C3%A1-ufa)

Nonni finnur að það er margt sem er að breytast hjá honum og vinum hans, þeir eru ekki alveg krakkar lengur heldur standa á einhverjum tímamótum sem er erfitt að ná almennilega utan um. Hann þælir mjög mikið í samskiptum og hvernig þau hafa breyst, hvernig maður talar við mömmu sína, vini sína og stelpur. Hann áttar sig á mikilvægi vináttu og þess að standa saman, sem er einmitt það sem þeir félagarnir gera til að hjálpa Ívari. Þessum þælingum er lýst á mjög sannfærandi hátt og af miklum skilningi en vert er að taka fram að sagan er allt annað en væmin. Húmorinn leikur einnig mikilvægt hlutverk og er bæði þess eðlis að lesandinn skellir upp úr og glottir reglulega út í annað.

[http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648\\_read-37826/6711\\_view-5975/](http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-37826/6711_view-5975/)

- 6) Til umræðu: *Berið tón greinanna saman. Hver þeirra er hlutlausust? Hver er munurinn á að vera hlutlægur og hlutdrægur? Á alltaf við að sýna hlutdrægni? Hvenær er í lagi að vera hlutdrægur og hvenær ekki? Hvað með hlutlægni, á alltaf við að vera hlutlægur?*

*Getur sjónarhorn höfunda greinanna sært einhvern eða lítillækkað? Gerir það einhverjum hátt undir höfði? Getur það verið einhverjum til góðs?*

Efni greinanna er einnig upplagt til ritunar, bæði skáldlegrar ritunar og rökfærsluritarar, með og á móti.

### Úr Íslenskri orðabók:

Hlutlægur: ótruflaður af tilfinningum eða persónulegum löngunum, raunsannur.

Hlutdrægur: sem dregur fram hlut e-s á kostnað annars, vilhallur.

- 7) Upprunalegur texti:

Fimm á dag ekki nóg

Fimm skammtar af ávöxtum og grænmeti dag hvern er nokkuð sem hefur verið ráðlagt til þess að viðhalda góðri heilsu. Nýleg rannsókn bendir hins vegar til þess að fimm skammtar séu alls ekki nóg.

Í stað þess ætti fólk að miða við sjö skammta á dag og að grænmeti ætti að vera í miklum meirihluta. Þá bendir rannsóknin til þess að ávextir og grænmeti úr dósnum eða frysti séu almennt næringarsnauðari matvara.

Þetta er niðurstaða rannsóknar á vegum UCL (University College London) sem greindi matarvenjur 65 þúsund einstaklinga yfir átta ára tímabil og paraði saman matarvenjur og dánarorsakir. Rannsakendurnir taka það fram að um sterka fylgni sé að ræða en ekki orsakasamband en styrkur rannsóknarinnar er sá að um tilviljunarúrtak er að ræða.

Í ljós kom að þeir sem borðuðu meira af ferskum ávöxtum og grænmeti lifðu almennt lengur og áttu síður á hættu að deyja úr hjartasjúkdómum eða krabbameini.

Það að borða að minnsta kosti sjö skammta af ferskum ávöxtum og grænmeti minnkaði til dæmis líkur á krabbameini um 25%. Grænmeti er talið veita talsvert meiri vörn gegn sjúkdómum en ávextir.

### Ógna ávextir í dós heilsunni?

Athygli vakti að þeir sem lögðu það í vana sinn að borða ávexti úr dós eða frosna ávexti voru í aukinni hættu á að þróa með sér hjartasjúkdóma eða krabbamein.

Oyinlola Oyeboade, prófessor hjá UCL, segir að niðurstöðurnar um dósamatinn hafi valdið þeim heilabrotum. Ef til vill bendir þetta til þess að fólk sem borðar ávexti úr dós búi á svæðum þar sem ferskvara er ekki fyrir hendi og því séu matarvenjur fólksins almennt lakari. Þá gæti verið um að ræða fólk sem er nú þegar við laka heilsu eða lifir of annasömu lífi. Eins getur útskýringin verið sú að ávextir í dós eru jafnan geymdir í sírópslegi en þessar niðurstöður gefa tilefni til frekari rannsókna. [http://www.mbl.is/smartland/heilsa/2014/04/07/fimm\\_a\\_dag\\_ekki\\_nog/](http://www.mbl.is/smartland/heilsa/2014/04/07/fimm_a_dag_ekki_nog/)

- 8) Þessi texti hentar afar vel til nákvæmrar rýni. Hvettu nemendur til að lesa hann eins og rannsóknarlögreglumenn og biddu um að þeir skrái niður á blað ALLT sem þeir koma auga á í textanum. Farðu svo hringinn og fáðu að heyra punktana.

Eru fjallvegir í Reykjavík? Hvað á höfundur eiginlega við? Hvað með staðsetningarpunktana, eru þeir réttir? Og af hverju hefur höfundur þá með? Hver er sögumaður? Af hverju má ekki neita konu í barnsnauð um aðstoð? Hver var Chet Baker og hvernig tónlist spilaði hann? Minnir þessi texti á þjóðsögutexta? Er þetta skylt boðorðunum tíu? (Þú skalt ...)

- 10) Til umræðu: *Hvernig eru leiðbeiningar? Hvað þarf að koma fram? Skiptir máli hvernig þær eru settar fram? Hvernig orðalag einkennir leiðbeiningar?* Hér er gott að skoða *Beinagrindur*: <http://vefir.nams.is/beinagrindur/index.html>

- 12) Hér er tengill á mannanafnalögin: <http://www.althingi.is/lagas/142/1996045.html>

Lögin eru í mörgum köflum og hver kafli inniheldur nokkrar greinar. Hér er um að gera að velja úr og skipta köflum á milli hópanna. Þetta er verkefni sem nauðsynlegt er að gefa rými og tíma en ef hóparnir eru mátulega stórir fer hér fram ómetanleg þjálfun í úrvinnslu upplýsinga.

### Tölfræði – gluggað í gröfin á bls. 90

Hér er hreyft lítillega við þeirri staðreynd að okkur er boðið að lesa upplýsingar sem settar eru fram með mjög ólíkum hætti – og stundum óskýrum og jafnvel villandi hætti. Dæmunum er ekki ætlað að gefa tæmandi mynd af hafsjó tölfræðiupplýsinga, heldur fremur að vekja forvitni nemenda og fá þá til að hugsa sig tvisvar um.

Mynd 1 – svör

- Salan nær hámarki í ágúst
- Salan jókst um 17 kíló

## Mynd 2

Þegar kvarði er rofinn (eins og í öðru dæminu á bls. 90) breytist öll skynjun okkar, því að skynfærin lesa myndina sem órofa heild. Fljótt á litið er því eins og allt að 90% viðmælenda *Fréttablaðsins* hafi verið karlkyns, á meðan raunveruleikinn (eins og hann kemur skýrar fram á neðri myndinni) er ekki alveg svo slæmur.

## Neðri mynd bls. 91

Ekki liggja fyrir skýr svör við þessu, enn er umfjöllun um íþróttir karla fyrirferðameiri en samskonar umfjöllun um konur. Ein ástæðan fyrir mikilli umfjöllun um karla á mánudögum gæti verið sú að enski boltinn er afar fyrirferðarmikill hér á landi.

Hér er hluti viðtals við íþróttakonuna sem lýsir skoðun sinni á umfjöllun fjölmiðla um kvenna- og karlaboltann: <http://www.dv.is/sport/2014/11/2/harpa-thorsteinsdottir-SK9WYO/>

- 13) Skýringin sem fylgdi grafinu er þessi: *Sameiginleg forsjá hefur aukist á sama tíma og forsjá mæðra verður sjaldgæfari.*

Til umræðu: Nemendur verða að skoða alla þætti; sameiginlega forsjá, forsjá móður og forsjá föður.

*Er eitthvað sem kemur nemendum á óvart? Er eitthvað sem þeim finnst að ætti að vera öðruvísi? Er hægt að setja þessar upplýsingar fram í annars konar grafi? Hverju þá?*

## Tölfræðin sendir skilaboð bls. 93

Tölfræði er stundum notuð til að setja fram einfalda mynd af flóknum hlutum – oft og tíðum verður sannleikurinn enn þá skýrari fyrir okkur í kjölfarið. Þessi auglýsing fyrir Alþingiskosningar vakti gríðarlega athygli og umtal, enda sýnir hún á mjög áhrifaríkan hátt hversu skökk kynjahlutföllin hafa verið á sviði stjórnmálanna.

Umræða: Halda nemendur að venjulegt graf hefði haft jafn afgerandi áhrif?

## Aukaverkefni

- **Bókmenntarýni.** Nemendur fá textabrot úr skáldsögu (eða velja sjálfir) og gera athugasemdir út frá honum líkt og í textanum úr *Peð á plánetunni Jörð* á bls. 75.
- **Bókmenntarýni.** Nemendur vinna verkefni úr skáldsagnatexta og búa til spurningar um stílbrögð og áhrif þeirra.
- **Lesskilningur.** Nemendur semja opnar spurningar úr stuttri frétt eða blaðagrein og skiptast síðan á verkefnum við aðra nemendur og svara spurningunum.
- **Textaruglingur.** Nemendur búa til textarugling úr líkum eða ólíkum textategundum og skiptast á við aðra nemendur um að leysa úr ruglingnum.
- **Hlutlægni og hlutdrægni.** Nemendur skrifa tvö lesendabréf þar sem þeir eru annars vegar hlutdrægir og hins vegar hlutlægir.

- **Lesskilningur.** Nemendur lesa Tilskipun um ferminguna frá árinu 1759 og endurskrifa hana. <http://www.althingi.is/lagas/140a/1759255.html>.
- **Tölfræði.** Nemendur fletta dagblöðum og skoða tölfræðiupplýsingar sem þar er að finna. Þeir greina upplýsingarnar eftir því hvort þeim finnst þær skýrar, einfaldar, hvort þær ættu að vera settar upp með öðru formi og skrifa stutta lýsingu á því hvaða upplýsingar er hægt að lesa út úr tölfræðinni.

## Ítarefni

- Á síðunni [www.bokmenntir.is](http://www.bokmenntir.is) er að finna aragrúa af textabrotum úr skáldsögum. Sjá dæmi hér: [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3948/6064\\_read-19224/RSkra-31](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3948/6064_read-19224/RSkra-31)
- Stuttar greinar er að finna m.a. á Vísindavefnum: <https://visindavefur.hi.is/>, vef Lifandi vísinda: <http://www.visindi.is/> og á [www.timarit.is](http://www.timarit.is).
- Um brot á tilskipun um ferminguna, bréfaskriftir unglingsdrengs og annarra: [http://tru.is/svor/2006/01/ferming\\_fjortan\\_ara](http://tru.is/svor/2006/01/ferming_fjortan_ara)
- Á heimasíðu Hagstofunnar: <http://www.hagstofa.is/> og á heimasíðu Rannsóknar og greiningar <http://www.rannsoknir.is/rg/skyrslur/> er að finna ýmsar tölfræðiupplýsingar sem hægt er að nota í kennslu.

## 5. kafli – Heimildaritun er skipulögð hugsun

Að kenna nemendum að undirbúa sig í þeirri list að skrifa heimildaritgerð eða vinna á annan hátt úr heimildum með trúverðugum hætti er afskaplega mikilvægt verkefni, því eins og segir í upphafsorðum kaflans:

*„heimildaritun er ferli sem gerir þér kleift að móta hugsun þína, túlka og vinna úr upplýsingum og loks standa fyrir máli þínu.“*

Kaflinn snýst um að koma reiðu og skipulagi á hugsanir okkar. Eins og alkunna er getur hugsunin verið fremur óreiðukennd og og góð kúnst að kunna að koma á hana skikki. Einmitt um þetta snýst kaflinn og af þessum sökum er mikilvægt að læra ferlið:

***Allir nemendur búa yfir upplýsingum og sýn sem er einstök – markmiðið er að fanga þessa sýn út úr óreiðukenndri hugsuninni og setja hana fram í skýru formi.***

Á fyrstu síðunum fer fram umræða um það hvers vegna nemendur ættu að vilja tileinka sér færni í heimildaritun. Fyrir því eru að sjálfsögðu ótal ástæður, t.d. sú að þetta er þjálfun í því að skerpa hugsun sína en ein áþreifanleg og óumflýjanleg ástæða er sú að í framhaldsskólum og háskólum sleppur enginn við að þurfa að skrifa nokkrar ritgerðir. Og vægi þeirra er líka umtalsvert þegar kemur að einkunnagjöf. Þetta er mikilvægt atriði, sem er ekki ætlað að vera eiginlegur hræðsluáróður. Önnur ástæða er sú að allir þurfa að læra að afla upplýsinga, áreiðanlegra upplýsinga, og að koma þeim frá sér á skýran og skilmerkilegan hátt.

Ekki síður þýðingarmikið atriði: „Allir þurfa einhvern tímann að standa fyrir máli sínu í rituðu máli. Sá sem getur það stendur almennt miklu betur í samfélaginu – hann er líklegri til að geta haft meiri áhrif.“

### Undirbúningur

Á bls. 98 eru einfaldar leiðbeiningar sem snúa að undirbúningi heimildaritunar en á bls. 110 er að finna ítarlegri gátlista og verklag. Víða tíðkast að nota hugstorm og hugarkort við vinnu af þessu tagi – og er það mjög af hinu góða. Afar brýnt er að koma því rækilega til skila til nemenda að *frelsi, leikur og fjör* geti líka átt við vinnu á borð við heimildaritun. Heimildaritun er ekki bara þjark og púl í gegnum heimildir og þetta á ekki síst við um fyrsta fasann þegar nemendur hefja störf. Í hugmyndavinnunni þarf nefnilega að fara fram töluverður dans og leikur og hér eru nokkrar vangaveltur fyrir nemendur:

**Til nemenda:**

**Veit ég hvað ég ætla að skrifa um?**

**Eru skorðurnar stífar?** Stundum eru verkefni mjög niðurnjörvuð og þá er ekkert við því að gera. En oft er að finna töluvert svigrúm innan þess ramma sem kennarinn leggur fyrir.

**Hvaða vinkill vekur mestan áhuga minn?** Auðvitað þarf maður stundum að skrifa um eitthvað sem maður hefur ekki brjálæðislegan áhuga á en í þeim tilfellum er sjálfsagt og vel til fundið að finna samt þann punkt sem vekur mestan áhuga þinn.

**Hvers vegna?** Af tveimur ástæðum: Ef þú hefur áhuga á viðfangsefninu verður verkefnið auðveldara. Og ef þú hefur áhuga á viðfangsefninu verður nálgunin léttari og skemmtilegri og lesandinn mun finna það á eigin skinni.

**Get ég farið þá leið?** Oftast kemur skýrt fram í fyrirmælum hvað má og hvað má ekki en prófaðu einfaldlega að stofna til samtals við kennarann um þá leið sem þig langar að fara. Úr slíku samtali kemur pottþétt einhver áhugaverð lausn.

**Hverju hefur lesandinn mestan áhuga á?** Það sem þú skrifar mun alltaf eiga sér einhvern lesanda. Þegar þú stillir upp ritgerðinni skaltu spyrja þig hvaða punktar séu líklegir til að vekja áhuga hans í upphafi. Þú munt sennilega fjalla um alls kyns vinkla og líklega eru þeir mis-áhugaverðir og því er brýnt að fá lesandann í lið með sér strax í byrjun þannig að hann langi til að lesa meira. Grípandi og áhugaverð byrjun er því gulls ígildi. Millifyrirsagnir skipta líka miklu máli því þær brjóta lesturinn upp í smærri einingar, hjálpa lesandanum að skima yfir textann og ef þær eru vel skrifaðar og sniðugar geta þær líka vakið aukinn áhuga.

Í ritgerðum þar sem notast er við efnisyfirlit verður þetta enn mikilvægara, því þá birtast allar millifyrirsagnir á einum stað. Ef kaflaheiti, millikaflaheiti og millifyrirsagnir eru skemmtilegar og grípandi eykst lestrartilhökkun lesandans til muna – alveg sama hvort lesandinn er kennarinn þinn eða einhver annar.

## Almennt um heimildir

Í kaflanum er varpað fram fjölmörgum hliðum á því sem snýr að heimildum. Í kaflanum eru t.a.m. skýrar leiðbeiningar sem sýna hvernig á að skrá heimildir í heimildaskrá en mun brýnna er að marka strax þann boðskap að heimildir eru svo sannarlega mistraustar og besta leiðin til þess er í gegnum umræður um efni þessara blaðsíðna og með því að taka dæmi af netinu með bekknum sjálfum.

Wikipedia.org er orðin að eins konar lifandi, opinni og almennri alfræðiorðabók. Að mörgu leyti er hún áreiðanleg, einkum hvað varðar almennar og óumdeilanlegar upplýsingar en staðreyndir sem eru pólitískt umdeildar fá oft ekki sanngjarna umfjöllun á Wikipedia. Ástæðan er sú að hver sem er getur breytt efninu – þannig getur umfjöllun um t.d. tiltekin stríðsátök á milli þjóða tekið stöðugum breytingum ef aðilar frá báðum hliðum eru duglegir við að „leiðrétt“ efnistökin.

Því er ekki ráðlegt að vísa á Wikipedia sem trausta heimild en í umræðu um þennan merkilega vef geta ýmsir mikilvægir punktar komið fram.

## Höfundarréttur og ritstuldur

„... að mörgu leyti snýst heimildaritun um að endursegja og endurvinnna það sem aðrir hafa þegar haldið fram.“ Þetta kemur fram á bls. 102 og er mikilvægur punktur, ekki síst þegar mörkin á milli þess að afrita og endursegja virðast geta verið óljós. Þau eiga þó ekki að vera það, því reglan er einfaldlega svona:

**Við gerum aldrei orð annarra að okkar eigin, án þess að segja frá því.**

Einfaldasta leiðin til að koma þessu rækilega á framfæri er að fá nemendur til að æfa sig og gera mistök, jafnvel að lesa yfir texta hver frá öðrum og benda góðfúslega á gloppurnar.

## Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

- 4) Hér eru nokkrar færar leiðir til að greina frá heimildum í rituðu máli en við bendum á bókina Heimir – Handbók um heimildaritun.
  - a) Því er oft haldið fram að síðari heimsstyrjöldin hafi í raun hafist þegar stórhveli ropaði í Atlantshafinu og Þjóðverjar héldu að óvinaþjóðin Bretland hefði varpað djúpsjársprenghum við ströndina (Buller, 1999).
  - b) Norsk-dansk-íslenski fræðimaðurinn Algjör Buller greinir frá því í bók sinni Hvalen og bomben að líklega hafi stórhveli ropað við strendur Þýskalands árið 1937 og óttinn við lætin hafi síðar leitt til þess að Þjóðverjar vígbjuggust og hófu seinni heimsstyrjöldina (Buller, 1999). Þessu hafa þó ýmsir aðrir fræðimenn mótmælt, ekki síst jarðvísindamenn sem telja að rophljóð hvala geti alls ekki borist svona langa leið, s.s. frá ströndum Þýskalands og langt inn í land til höfuðborgarinnar (Jóna Gunnarsdóttir, 1999).
  - c) Árið 1999 hélt norsk-dansk-íslenskur fræðimaður því fram að stórhveli hefði ropað í Atlantshafinu og Þjóðverjar héldu að óvinaþjóðin Bretland hefði varpað djúpsjársprenghum við ströndina (Buller, 1999).
  - d) Árið 1999 kom fram í Noregi nýstárleg kenning um upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar: „Að mínu mati æxluðust atburðir þannig að stórhveli ropaði í Atlantshafinu og Þjóðverjar héldu að óvinaþjóðin Bretland hefði varpað djúpsjársprenghum við ströndina. Þannig varð til ofurótti á meðal Þjóðverja, sem héldu að á þá væri ráðist – þeir brugðust við með því að vígbúast og leggja til atögu við hálfu Evrópu.“ (Buller, 1999)Þetta eru aðeins nokkrar leiðir til að að sýna nemendum fram á fjölbreytnina. Það eina sem þarf ekki að geta um í heimildum eru svokallaðar alþekktar upplýsingar sem eru á allra vitorði. Nemendur spyrja gjarnan um það og fara jafnvel offari í heimildavísunum:

Höfuðborg Þýskalands er Berlín (Alfræðiorðabók Íslands, 2010) og í miðri borginni bjó Adolf Hitler (Saga seinni heimsstyrjaldarinnar, 1967).
- 5) Í almennum fræðaskrifum er einkum stuðst við tvö heimildaskráningarkerfi, Oxford-kerfið og APA-kerfið (APA stendur fyrir American Psychological Association).

## Um fyrirvara bls. 111

Á bls. 111 er komið lítillega inn á það hvernig texti getur (óvart) orðið fullur af údrætti og hvernig er dregið úr slagkrafti hans. Þetta kann að líta út eins og smáatriði en er það þó ekki. Sá sem les ritgerð fær fljótt á tilfinningu hvort nemandi er með efni sitt á hreinu eða ekki og ef hann finnur fyrir efasemdum höfundarins er hann líklegri til að gefa lægri einkunn.

7) Fyrirtækin sem nefnd eru í verkefninu eru:

Adam – Tískuvöruverslun	Langabúð – Veitingahús
Fagmaðurinn – Trésmíðaverkstæði	Lindin – Tískuvöruverslun
Fimm fiskar – Veitingahús	Pétursbúð – Matvöruverslun
Garðarshólmi – Tískuvöruverslun	Skipt í miðju – Hársnyrtistofa
Garðálfarnir – Garðyrkjuþjónusta	Smart – Tískuvöruverslun
Hafið – Fiskverslun	Stokkar og steinar – Garðyrkjuþjónusta
Hamraborg – Matvöruverslun	Trétak – Húsasmíði og uppsetning innréttinga
Hárbeitt – Hársnyrtistofa	

## Heimildaritun er alls konar bls. 112

Að sjálfsgöðu er heimildaritun notuð við alls kyns tækifæri og í raun er þetta sama ferli og við undirbúning ræðu eða framsögu. Og hið sama gildir um nánast alla blaðamennsku, þótt þar séu gerðar minni kröfur um beina skráningu heimilda.

Hér er gott að leita fanga í prentuðum dagblöðum og tímaritum af ólíku tagi, koma auga á það hvernig höfundar byggja upp texta sinn og hvernig þeir fara með heimildir (einnig er hægt að nota timarit.is).

## Aukaverkefni

- **Leitarvefir. Nemendur leita upplýsinga á netinu á tveimur eða fleiri leitarvefjum** og skoða niðurstöður. Sýna vefirnir sömu niðurstöður? Hvaða vefur sýnir flestar niðurstöður? Hvaða vefur sýnir áreiðanlegustu niðurstöðurnar (við fyrstu sýn)?
- **Fjöldi íslenskra orða.** Nemendur vinna heimilda- og þýðingaverkefni um skrafl og/eða fjölda orða í íslensku og notast við þessar heimildir til að skrifa stutta skýrslu:
  - <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=738>
  - [http://issuu.com/rvkgrapevine/docs/issue2\\_master\\_nytt\\_all/26%22](http://issuu.com/rvkgrapevine/docs/issue2_master_nytt_all/26%22)
  - <http://nutiminn.is/hardar-deilur-innan-skraflfelagsins-skommu-fyrir-islandsmot/>
- Ítarleg leit á netinu. Nemendur nota ítarlega leit á netinu (t.d. [http://www.google.is/advanced\\_search](http://www.google.is/advanced_search) eða [www.leitir.is](http://www.leitir.is)) og bera niðurstöður saman við einfalda leit.
- Útdráttur. Nemendur skrifa stutta útdrætti úr ýmsum greinum, sjá ítarefni hér og í 4. kafla.
- Inngangur. Nemendur lesa stuttar greinar og skrifa inngang að þeim eftir lesturinn.



## Ítarefni

- Listi yfir gagnasöfn á netinu: [www.hvar.is](http://www.hvar.is)
- Menningarsögulegt gagnasafn: <http://www.sarpur.is/>
- Alfræðirit fyrir skóla: <http://school.eb.co.uk/>
- Heimir. Handbók um heimildaritun. Rafbók á netinu: <http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/heimir/>

## 6. kafli – Smásögur – meira en augað nemur

### Hvað er smásaga?

Líkast til þarftu að reyna að svara þessari spurningu frá nemendum. Gallinn er sá að ekki er til einhlítt svar og menn eru endalaust ósammála um skilgreininguna. Ágætt er í upphafi að notast við skilgreiningu Vísindavefsins sem er að finna á bls. 116 en einnig að fá nemendur með í skilgreiningar- og rannsóknarvinnu. *Hvað finnst þeim sjálfum? Og skiptir skilgreiningin öllu máli eða engu?*

Berið saman nokkur smásagnasöfn af bókasafninu. Flettið nokkrum ljóðabókum líka, því að stundum eru nýlegar ljóðabækur uppfullar af svokölluðum prósaljóðum ... sem geta verið hálfgerðar örsögur. Berið allt þetta saman við stuttar skáldsögur, t.d. *Svar við bréfi Helgu* eftir Bergsvein Birgisson, *Leigjandann* eftir Svövu Jakobsdóttur eða *Skugga-Baldur* eftir Sjon.

Eins og í öðrum bókmenntaköflum reynum við að brjóta smásagnalestur nemenda upp og beina athygli þeirra að því hvaða brögðum höfundar beita í hvert sinn. Talblöðurnar við hverja sögu eru þó alls ekki tæmandi og það er upplagt að virkja nemendur í litlum hópum í rannsóknarvinnu við hverja sögu – til að svara spurningunni:

*„Hvernig er höfundur að kitla okkur, leika á okkur og stríða okkur þegar hann skrifar þessa sögu? Hvert er hann að vísa, hvað er hann að segja og hvað er hann ekki að segja?“*

### Ungir höfundar – eins og nemendur!

Við efnisvalið var ákveðið að nota sögur eftir mjög unga höfunda til að undirstrika að maður þurfi ekki að vera fertugur eða sjötugur til að geta klárað sögu sem birtist í prentaðri bók!

Fyrri sögurnar tvær eru eftir fimmtán ára stelpur og þær eru mjög vel gerðar og svolítið dramatískar. Gott er að bera stílinn í þeim saman – sögumaður, frásagnarmáti, orðanotkun, líkingar, hliðstæður/andstæður, nútíð/þátíð, 1. persónu- / 3. persónufrásögn. Auk þess fylgja þessum sögum nokkuð ítarlegar spurningar til að leiða umræðuna áfram.

Þriðja sagan er líka eftir ungan höfund og hún er tekin úr smásagnasafni eftir ritlistarnema í Háskóla Íslands. Þetta býður líka upp á umræður um ritlist sem fag. *Er hægt að kenna einhverjum að verða rithöfundur? Hvernig er það gert?* Þetta er nýtt fag á Íslandi (sem þó hefur þekkt lengi í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum) og enn eru um það skiptar skoðanir. Í eðli sínu snýst svona nám einfaldlega um að fá rými til að þroskast og speglun frá öðrum til að þjálfast í að verða betri í því að skrifa – um þetta geta auðveldlega kviknað áhugaverðar umræður.

### Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

Hér eru „svör“ við nokkrum verkefnanna í kaflanum. Þó eru margar spurningarnar þess eðlis að ekki eru við þeim skýr og rétt svör heldur eiga þau frekar að vekja til umhugsunar.

Satt best að segja er bókmenntagreining einmitt almennt þannig ...

- 1) *Handan hæðanna, við enda regnbogans*
- 3) Sögumaður er gömul kona sem fer inn í gamla skólann sinn til að deyja. Mikil fortíðarþrá einkennir hana, einnig vitund um að æviskeiðið er á enda.

- 4) Lífinu er líkt við tímaglas og hvert augnablik er eins og sandkorn.
- 6) Þetta gerist í fjórtánda línu þar sem stendur „fynnur hún enn fyrir ...“ Þegar nútíðin er notuð er eins og frásögnin færist nær lesandanum og verði skýrari. Þátíð skapar aftur á móti vissa fjarlægð – þetta er gott að rannsaka með nemendum með því að bera saman texta.

3) *Eina stjörnu bjarta nótt*

- 1) Um er að ræða tvo sögumenn sem segja frá sama atburði, þetta eru ungur strákur og ung stelpa.
- 2) Þetta gerist í línu 17. Allt í einu er eins og ávarpið í sögunni sé persónulegra, eins og það beinist að einhverjum ákveðnum aðila.
- 4) Röskva og Þjálfi eru systkini úr norrænni goðafræði, þjónar Þórs. Elís hefur ekki beina vísun í menningarsöguna en bæði Röskva og Elís eru sjaldgæf og eftirtektarverð nöfn. Þetta gefur sögunni hástemmdan blæ – eða hvað finnst nemendum? *Hvað ef þau hefðu heitið Jón og Gunna?*
- 8) Stórt engi inni í miðjum skógi, fjarri bænum, fyllt skærgrænu grasi og fallegum blómum. Lækur rennur í gegnum engið.
- 9) Sögumenn vísa í sumarið sem þeir vörðu á enginu en þarna er orðið stjörnu bjart og dimmt; „liðið er langt fram á kvöld“.

**Kitlandi byrjun á sögu bls. 123**

Báðar þessar byrjanir er hægt að nota sem kveikjur inn í eigin skrif nemenda.

- 6) Mestu máli skiptir að segja nemendum að umræddur texti sé u.p.b. helmingur ör-sögunnar. Hér fyrir neðan er fyrri helmingur sögunnar og þar fyrir neðan er seinni helmingurinn, sjálft niðurlagið (hann hefst á orðunum „Þú getur enn hætt að lesa!“)
- Verkefnið snýst einfaldlega um að sýna fram á hvernig heill bekkur getur tekið sama fyrri hlutann og botnað hann með gjörsamlega ólíkum hætti. Gaman er að gera svoltið úr þessu verkefni og fá nokkra nemendur til að lesa upp áður en „rétti“ endirinn er lesinn.

## Ábyrgð

Ekki halda áfram. Hún heldur illa jafnvægi, telpan á brúarhandriðinu. Krakkarnir hvetja hana en hún heldur ekki vel jafnvæginu og er orðin óstyrk í hnjúnum af ótta. Ekki halda áfram! Æskan ræður ríkjum þarna á brúnni og börnin hvetja hana áfram eftir handriðinu; hlakka svo mikið til að fagna henni á hinum bakkanum að þau greina ekki óttann, jafnvel þótt hún fálmi með höndunum út frá sér eftir stuðningi og sé eiginlega hætt að nálgast endamarkið. Ekki halda áfram! Í þriðja skrefi héðan mun hún **renna til**.

**Þú getur enn hætt að lesa!** Krakkarnir fylgja henni á brúnni og ausa hana hrósi svo hún getur ekki klifrað niður, eitthvað inni í henni hindrar það ... tvö skref, þrjú skref og hún fellur dauðamegin við handriðið, niður í stórgrýttan árfarveginn. Ópið drukknar í barnahrópum á brúnni. Ljósblár kjóllinn verður dökkblár þar sem vatnið bleytir – svo fjólublár. Brúin er auð yfir gílinu.

- 7) Í þessu verkefni eru fjölmargir möguleikar. Hægt er að hafa þema, gefa upp ákveðin orð sem allir þurfa að nota í sögunni sinni, sýna mynd sem kveikju og allir eiga að skrifa út frá, spila lag sem kveikju, sýna hlut eða hvað sem kennara eða nemendum dettur í hug. Ein hugmynd er að gera alvöru dagatal og gefa út. Önnur hugmynd er að safna sögunum saman í litla bók t.d. svona: <http://www.instructables.com/id/How-to-Make-a-Book-Without-Glue-Staples-or-Tape/>
- 8) Allar þessar auglýsingar eru raunverulegar! Gott er að nota tímamörk til að skrifa þetta verkefni – leggðu áherslu á að örsaga geti verið viðbragð við einhverju, t.d. þessum auglýsingum, enda er markmiðið ekki að hanna og fínþússa fullkominn bókmenntatexta.  
*Hvaða persónur koma fyrir í auglýsingunum? Er sjónarhorn þeirra ólíkt ef ég nota þær til að segja söguna? Er viðhorf þeirra jákvætt eða neikvætt? Er sagan í nútíð eða þátíð?*

## Twitterature bls. 132

Í fylgiskjali er að finna Harry Potter, öll bindin, í útgáfu Twitterature (á ensku).

## Að læra að hlusta á sig bls. 133

Eitt mikilvægasta hjálpartæki rithöfundarins er að hlusta á sig og **veita eigin eftirtekt athygli**. Þetta er ekki síst gert með því að skrá niður eigin athuganir, rétt eins og rannsóknarlögreglumenn. Um leið og þú ákveður að skrá niður það sem þú tekur eftir styrkirðu enn frekar athyglina.

Hér er gráupplagt að nota tölvutæknina. Bentu nemendum á að Instagram og Snapchat er í raun skapandi vettvangur með auðveldu aðgengi, rétt eins og Facebook, og að þeir nemendur sem vilja

taka sig alvarlega þurfi bara að beita sömu aðferðum við söfnunina, t.d. með því að vera með litla skissubók í vasanum til að skrifa niður flottar setningar eða hugmyndir.

## Aukaverkefni

- Sögugerð. Nemendur fá upphaf smásögu í hendurnar og halda áfram með söguna. Upphafið getur verið allt frá einni málsgrein upp í heila efnisgrein. Hér þarf kennari að vera tilbúinn með efni, t.d. er hægt að nota upphafslínur smásagna og skáldsagna. Hægt er að nota einn og sama textann fyrir alla eða vera með fjölbreytt safn.
- Sögugerð. Nemendur fá endi smásögu í hendurnar og skrifa meginmál hennar – hvað gerðist áður en þessi endir átti sér stað? Hér þarf kennari að vera tilbúinn með efni líkt og í verkefninu að framan.
- Hvernig ákveður spörfugl að deyja? Á bls. 123 er tilgreind kitlandi byrjun á smásögu eftir Guðmund Óskarsson. Hægt er að vinna úr þessari byrjun á svipaðan hátt og er gert í verkefninu „Botnaðu örsöguna“. Hvernig skrifa nemendur sig frá þessari byrjun? Hvert vilja þeir fara? Söguna er að finna í fylgiskjölum.

## Ítarefni

- Hvað merkir hugtakið smásaga? <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=50254>
- Hvernig skrifa rithöfundar (Fréttablaðið 30. júní 2012, bls. 26): <http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/120630.pdf>
- Að skrifa smásögu – Nokkur heilræði: <http://www.rithringur.is/articles.asp?action=lookup&article=3>

## 7. kafli – Málfræði og gryfjur til að forðast

Í 7. kafla er haldið áfram að vinna á sömu forsendum og í fyrri málfræðikafla bókarinnar – virkni ólíkra orða er í forgangi, fremur en eiginlegur utanbókarlærdómur. Í fyrri hlutanum er sjónum beint að sagnorðum og hvernig þau eru *kjarni* hvernar setningar – það mætti því segja að í kringum sagnorð sé líf og alltaf eitthvað að gerast.

Trú okkar er einnig sú að með því að leiða nemendum fyrir sjónir hvað málið er fjölbreytt og fjölbætt sé hægt að kveikja hjá þeim einlægán áhuga á að rannsaka það frekar. Kaflinn um að fara út með ruslið (bls. 142) er gott dæmi um það og að sama skapi leikurinn „Hefur þú ...“ á bls. 147.

Síðari hlutinn – eins og áður – er tileinkaður málnotkun og málsniði og hér hvetjum við kennara til að fara varlega. Strangt til tekið er alltaf hægt að tala um „rétt“ og „rangt“ málfar, því að reglur um íslenskt mál eru ansi víðtækar. En á sama tíma *verður* að tala um það við nemendur að a) málið er lifandi og síbreytilegt, b) reglurnar eru ekki ævafornar og geirnegldar og c) kröfur um að nota málið rétt mega ekki skapa ótta hjá nemendum við að tjá sig munnlega eða skriflega!

Okkur þykir afar brýnt að hvetja nemendur til að taka sér „dansleyfi“ í tungumálinu og senda þau skilaboð að allir málnotendur eigi sér daglega og venjulega málnotkun, frjállega málnotkun (á meðal vana og á samfélagsmiðlum) og sparilega málnotkun (þegar kröfur eru sérstaklega miklar, t.d. þegar texti birtist opinberlega eða mikið liggur við, s.s. við atvinnuumsókn).

**Við segjum því:** Vandíð ykkur! Berið ábyrgð á eigin málnotkun! Veljið að vera góð í að nota málið! Notið hjálpartólin á netinu!

**En segjum á sama tíma:** Slappið af! Þetta er ekki svona alvarlegt mál! Það er mikilvægara að þín rödd fái að heyrast en að þú skrifer og talir alltaf rétt og hnökralaust mál!

Sumir myndu segja að þetta færi ekki saman en þetta er umdeilt svið og verður ekki leyst til hlítar á þessum bókersíðum.

## Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

- 1) Persóna sagnanna:
 

syndir 3. pers. et.	sef 1. pers. et	varð 3. pers. et.
legg 1. pers. et.	skera 3. pers. ft.	
- 2) Ópersónulegar sagnir eru mjög margar og sumar sagnir geta beygst bæði persónulega og ópersónulega eins og t.d. taka, finna, fara, þykja, liggja, sýna, heyra o.fl. Velflestar ópersónulegar sagnir hafa merkingu sem tengist tilfinningum, t.d. löngun og þrá, skynjun og mati.

Hér er nokkuð góður listi yfir ópersónulegar sagnir:

Með þolfalli – mig		Með þágufalli – mér	
langar	klæjar	finnst	stendur (á sama)
dreymir	svengir	leiðist	ber (að gera e-ð)
syfjar	hryllir	líkar	líður
þyrstir	fýsir	þykir	gengur
minnir	ber (að landi)	geðjast	blöskrar
grunar	rekur (að landi)	liggur (á)	ofbýður
svíður (í sárið)	skortir	svíður (tjónið)	
vantar	munar	dettur (í hug)	
rámar	brestur (kjark)	sárnar	
hrjáir	svimar	blæðir	
verkjar	lengir (eftir e-u)	hlýnar	
órar	hungrar	kólnar	
klígjar	hlægir	dámar	
tekur (sárt)		líst (vel á)	

- 5) Mummi **er (áhrl.)** tólf ára borgarbarn. Hann **kynnist (ás.)** ævisagnaritara sem **fær (ás.)** áhuga á að **skrá (ás.)** sögu hans. Árangurinn af því samstarfi **verður (áhrl.)** þessi óvenjulega „ævisaga“, bráðskemmtileg frásögn af Reykjavíkurbarni sem **býr (áhrl.)** einn með móður sinni. Margt **er (áhrl.)** hverfult í lífi hinna fullorðnu og erfitt fyrir ungan pilt að **átta (ás.)** sig á þeim lögmálum sem þar **ráða (ás.)**. En Mummi **er (áhrl.)** svo heppinn að **kynnast (ás.)** hestamanni sem **fær (ás.)** mætur á honum. Hestamennskan **verður (áhrl.)** honum ástríða og uppspretta ævintýra. Þar **öðlast (áhrl.)** hann líka vináttu sem **reynist (ás.)** honum afar dýrmæt.

Sögnin að *ráða* er sjálfstæð áhrifssögn og tekur ekki alltaf andlag með sér.  
Dæmi: *Ég ræð í stað ég ræð þessu.*

- 6) Hér eru margir möguleikar en aðeins eitt til tvö dæmi nefnd hér við hvert atriði:

fullyrðing: Ég bít, hann bítur, þau bíta;

ósk: Ég vona að hundurinn bíti mig ekki./Ég vona að hún bíti ekki í kökusneiðina;

eitthvað mögulegt: Hann biti ef honum væri ögrað./Hann biti ef honum væri skipað;

vafaatriði: Ég veit ekki hvort hundurinn bíti;

spurning: Bítur hann? Bíta börnin ef þau reiðast?

f. eitthvað skilyrðisbundið: Hann biti í snúðinn ef hann fengi leyfi.

- 7) Það er ekki hægt að komast hjá því að nota viðtengingarhátt í öllum tilfellum sbr. feitletruð sögn hér:

Okkur þykir leitt að tilkynna þér að vegna nauðsynlegra viðgerða á stiganum í sameign fjölbýlishússins Hamrabergi 6 getur þú orðið fyrir þeim óþægindum að komast annaðhvort ekki heim til þín eða að heiman aðfaranótt 22. apríl.

– Við leggjum okkur fram um lágmarks ónæði á þeim tíma sem viðgerðin stendur yfir en getum ekki ábyrgst að íbúar **mæti** fullhvíldir til vinnu þann 22. apríl.

– Við getum ekki ábyrgst skaða sem hlýst af því ef íbúar reyna að stökkva á milli hæða á meðan viðgerð stendur.

– Við biðjumst velvirðingar á þeim truflunum sem viðgerðin kann að hafa á íbúa.

- 8) Hér eru margir möguleikar, t.d. þessir:

Ég hef búið ... / ég er búinn

Ég verð flutt .../ég get flutt .../hann er fluttur ...

Klukkan er gengin .../hann er genginn .../þetta getur gengið .../hún hefur gengið .../þær verða gengnar .../

Ég get siglt .../þau hafa siglt .../hann er sigldur .../

Ég hef samið .../þeir hafa samið ...

Ég hefði aldrei þorað ...



10) Hér eru nokkir möguleikar, einn þeirra er þessi:

Ég átti góða helgi, fór í bíó, keypti mér sjúklegan síma, fór í veislu til bestu frænku og „tjillaði“ og hafði það „næs“. Já, vá, ég gerði líka fullt af skemmtilegum hlutum um helgina. Ég hvíldi mig í botn og hlustaði á geggjaða tónlist.

11)

Hananú!

Þá á (fh.) loks að fara (nh.) að sýna (nh.) stórslysmyndina um arkarsmiðinn knáa Nóa Lameksson. Þessa sem var (fh.) tekin (lh.pt.) hér á landi, því hér er (fh.) alltaf ausandi rigning, hér má (fh.) plata (nh.) tökulið út á rúmsjó í snarvitlausu veðri og hér þrífast (fh.) passlega fáar dýrategundir. En hvað ætli (vh.) þetta þrekvirki sé (vh.) svo kallað (lh.pt.)?

NOAH.

**Hugsið (bh.)** ykkur! Við sem **umbárum (fh.)** titla á borð við *Logandi hræddir*, *Tveir á toppnum*, *Aftur til framtíðar*, *Ógnareðli*, *Beint á ská* og *Bilun í beinni útsendingu*. **Eigum (fh.)** við nú að **flykkjast (nh.)** á mynd um einhvern ... Noah? **Fari (vh.)** það tólfbölvað í táfúla sokkaskúffu þess í neðra að maður **láti (vh.) bjóða (nh.)** sér þessa daunillu delli. **Var (fh.)** ekki næg niðurlægning að **horfa (nh.)** upp á sjálfan Ása-Thor og vini hans í Asgard? Sem Marvel veldið **er (fh.) búið (lh.pt.)** að **gúmhúða (nh.)** í höfundarverjur sínar – og **þjösna (nh.)** sleipiefnalitlu upp bifrostina á okkur.

**Á (fh.)** nú að **afþýða (nh.)** Biflíusögurnar líka? Og hvar **endar (fh.)** þetta eiginlega? **Ætlum (fh.)** við möglunarlaust að **syngja (nh.)** um Gamla Noah sem **keyrir (fh.)** beinskipta kassabíla, **poppar (fh.)** (popp) og **kyssir (fh.)** giftar konur? Ég **held (fh.)** nú síður. Það **var (fh.)** bara einn náungi sem **hlustaði (fh.)** á veðurspána, **fór (fh.)** á svig við öll heilbrigðis-, sóttvarnar- og dýraverndunarlög og **stóðst (fh.)** það að **fá (nh.)** sér feita nautasteik eftir að **hafa (fh.) bjargað (lh.pt.)** mannkyninu frá glötun. Og hann **hét (fh.)** Nói.

## Það var hrint mér bls. 151

Á bls. 151 hefst umfjöllun um nokkrar „málvillur“ sem virðast ætla að ná fótfestu í íslensku. En jafnvel þetta er viðkvæmt umfjöllunarefni eins og fyrsta dæmið ber með sér.

Í því er bent á aukna tilhneigingu fólks til að hefja setningar á orðinu „það“. Oft passar miklu betur að fara þessa leið í munnlegri tjáningu – t.d. er eðlilegra að segja „það er hægt að stækka letrið“ en að segja „hægt er að stækka letrið“.

Þarna erum við aftur farin að greina frá því að ólík viðmið og venjur gildi í ritmáli og talmáli. Þess vegna er kannski ágæt vinnuregla – þegar maður vinnur texta sem á birtast opinberlega eða í ritgerðum – að finna setningar sem hefjast á orðinu „það“ og athuga hvort það passi við tilefnið.

Í umræðu um umdeilanlegar málvenjur er gott að ræða þágufallssýki. Eins og fram hefur komið eru málfræðireglur ekkert annað en skráðar málvenjur. Samkvæmt málfræðinni er rangt að nota þágufall með ópersónulegum sögnum en þó hefur skapast sú málvenja hjá stórum hópi landsmanna, ekki aðeins ungu fólki, að nota þágufall með ópersónulegum sögnum. Hvenær verður sú málvenja viðurkennd og skráð sem málfræðiregla? Hvað þarf til? Verður hún einhvern tíma viðurkennd? Af hverju/af hverju ekki?

- 13) Tölvan **fraus** alltaf.  
Ísinn **er frosinn**.  
Hún **hangir** alltaf í tölvunni.  
Flaskan er **lokuð**.  
Blaðsíðan er **ferköntuð/kassalaga**.  
Ég var að spá í **það**.  
Ég var á gangi þegar **einhver** sagði mér **eitthvað**.  
**Fyrst** að þú ert svona leiðinlegur við mig þá færðu engar ólífur.  
Ég þoli ekki þegar einhver **er** leiðinlegur.  
Ef það **er** í lagi.  
Farið **bak við hús/á bak við hús/fyrir aftan hús**.

## Aukaverkefni

- **Beygingar sagna.** Nemendur vinna með fjölmargar birtingarmyndir eins sagnorðs, t.d. að vera (á bls. 137) og skrifa setningar með hverri beygingarmynd hennar og velta fyrir sér hvernig merkingin breytist eftir því hvaða form er notað.
- **Ópersónulegar sagnir.** Nemendur gera veggspjöld með algengustu ópersónulegu sögnunum (sem er hvað oftast farið rangt með).
- **Gert er ráð fyrir stormi.** Nemendur skoða notkun viðtengingarháttar í veðurspám og semja sjálfir veðurspá fyrir nokkra daga.
- **Málvillur.** Nemendur velta fyrir sér hvaða algengu málvillur þeir þekkja. Bera þeir skynbragð á málvillur? Eru þeir sjálfir leiðréttir og þá af hverjum? Taka þeir eftir einhverjum málvillum hjá öðrum? Leiðréttu þeir málvillur annarra? Eru einhverjar málvillur sem þeim finnst verri en aðrar? Eru einhverjar málvillur/málvenjur sem ekki eru viðurkenndar en þeim finnst vera „góðar og gildar“?
- **Þýðingar.** Nemendur skoða erlend sérnöfn og velta fyrir sér hvort og af hverju ætti að þýða heiti þeirra yfir á íslensku. Hægt er að vinna með heiti samfélagsmiðla s.s. Facebook, Twitter, Tumblr, Pinterest og tónlistarvefja eins og Spotify o.fl. Hverjir þýða helst þessi heiti og af hverju?
  - o Af hverju eru erlend sérnöfn þýdd á íslensku hjá RÚV? Hvaða skoðun hafa nemendur á því? Skv. málstefnu RÚV á að íslenska sérnöfn gr. 2.7 og 2.8 – sjá tengil í ítarefni.
  - o Nemendur íslenska ýmis erlend heiti s.s. borgarnöfn, mannanöfn og fyrirtækjaheiti.

## Ítarefni

- Málstefna RÚV: <http://ruv.is/node/366997>
- Grein Hönnu Óladóttur, Málfræði handa unglíngum. Lýsandi málfræði og forskriftarmálfræði: <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/003.pdf>
- Glætur; orðflokkar og gætum tungunnar: <http://vefir.nams.is/malbjorg/malvisi.html>
- Hvað er rétt og hvað er rangt í máli? <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2148>
- Listi yfir íslenskar stafsetningar- og málfræðivillur: [http://is.wikipedia.org/wiki/Listi\\_yfir\\_%C3%ADslenskar\\_stafsetningar\\_og\\_m%C3%A1fr%C3%A6%C3%B0ivillur](http://is.wikipedia.org/wiki/Listi_yfir_%C3%ADslenskar_stafsetningar_og_m%C3%A1fr%C3%A6%C3%B0ivillur)
- Gott mál og vandað, nokkur vandmeðfarin atriði í daglegu máli: <http://gogn.ma.is/svp/kennsluefni/malfar/>
- Óþolandi meðferð á íslensku: <http://www.visir.is/otholandi-medferd-a-islensku/article/2014141029036>
- Ýkjur í báðar áttir? Íslenska!??? <https://www.youtube.com/watch?v=bTrMGTOYtVw>
- Um „rétt og rangt mál“, Orðbragð, fyrri hluti: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=ba9baaa4-77a4-11e3-9a81-0050568632e8#videofile>

## 8. kafli – Ljóð eru óð og góð

Síðasti kaflinn í bókinni fjallar um ljóð. Eins og áður er sjónum beint að virkni orða, leik, efnivið og endurvinnslu – og einnig er lögð áhersla á að víkka út skilning nemenda á þessu vandmeðfarna fyrirbæri, ljóðinu.

Margir óttast ljóð – og ástæðan er ekki síst sú að margir virðast halda að ótal reglur gildi í ljóðagerð. Þetta er fjarri sanni. Vissulega eru til ýmsar skoðanir á því hvað einkennir „gott“ ljóð en sannleikurinn er sá að núorðið má allt innan ljóðsins; það er eins konar frjáls leikvöllur með orð, tákni og vísanir.

Umræða um þetta sjónarmið getur orðið mjög líflæg innan bekkjarins, ekki síst ef rými gefst fyrir ólíkar skoðanir.

Hvað finnst nemendum t.d. um ljóð Andra Snæs Magnasonar?

### 1. apríl

Marsbúinn

Ljóðasmygl og skáldarín 1995.

*Er ljóð Andra Snæs „almennilegt“ ljóð? Af hverju? Af hverju ekki?*

Einu sinni voru uppi mjög formfastar hugmyndir um það hvað mátti og mátti ekki vera ljóð. Sú tíð er löngu liðin – en ótrúlegt en satt þá lifir íhaldssemin góðu lífi í nemendum sjálfum, líklega í gegnum enduróm frá eldri kynslóðum!

Á meðan nemendum er vísað inn í heim ljóðlistarinnar er ágætt að notast við ýmiss konar „hækjur“ þar sem unnið er með efnivið annarra. Myndljóðin á bls. 158–159 eru gott dæmi um slíkt – líklega er auðsótt fyrir kennara að fá afskrifaðar bækur af bókasafninu og þá getur hver nemandi teiknað og krotað og hringað að vild og þannig skapað ljóð með nýstárlegum hætti.

Önnur leið til að nálgast ljóðagerð á ápreifanlegan hátt er einfaldlega að klippa og líma. Það er aðferð sem verður aldrei úrelt og þar hentar sumum að vinna upp á eigin spýtur á meðan aðrir vinna betur í hópi og ljóðasamstarfi við aðra.

Eftir að fjallað hefur verið lítillega um hluta fyrir heild er sjónum beint að því hvernig myndmál getur stjórnað líðan okkar og hvernig taktur í texta eða ljóði getur beinlínis hreyft við okkur. Textabrotið úr skáldsögunni Bréfberinn er vel til þess fallið að opna umræður um þessa tilteknu vídd skáldskapar, ekki síst ef feitiletraði textinn á bls. 160 er lesinn upphátt og dramatískt með ýktum áherslum (af kennara eða nemanda). Jafnvel er hægt að láta tvo nemendur leiklesa allt samtalið.

Til viðbótar og stuðnings þessum vangaveltum er hægt að láta nemendur lesa ljóðið skiljst eftir Steinar Braga en í því er mjög afgerandi og fastur taktur sem blandast saman við ljóðmyndir sem höfða án efa til unglunga:

## skiljist

brenni dagar líði glóð  
og nætur um dúnfulltar sængur  
líði ský falli regn rísi sól  
og setjist komi morgunn héluð birta  
líði vindur sveiflist tré komi sígarettur  
dagblöð og bollar af kaffi lesist bækur  
opnist augu og lokist klekist púpur  
rísi loftbólur og springi spretti blóm  
falli lauf blikki sjónvörp opni búðir  
klingi kassar glennist fætur  
svitni lófar streymi blóð grenji börn  
opnist kistur og lokist rísi haf og hnígi  
hjarta og þenjast fólk og deyi

Augnkúluvökvi 1999.

## Umræður í tengslum við verkefni og lausnir

### Hluti fyrir heild bls. 160

Hér eru nokkur dæmi til viðbótar þar sem „hluti fyrir heild“ kemur fyrir:

Góðir hálsar = átt er við fólk, áheyrendur þó að einungis sé vísað til eins líkamshluta

Ástkæra fósturmold = hér er vísað í mold jarðarinnar en átt við Ísland

Hagsælda hrímhvíta móðir = Í ljóði Jónasar Hallgrímssonar er hér átt við Ísland.

Að búa á malbikinu ...

Hvað er að fréttu af klakanum? Hér er Ísland í merkingunni klaki.

2)

- **Hver er John Wayne og af hverju segir Neruda þetta um hann?** Svar: John Wayne var bandarískur stórleikari sem lék sterkan og töffaralegan kúreka á gullaldarárum vestranna og þótti hann afar mikið karlmennskutákn. Hins vegar var umtalað að John Wayne væri ekki mjög gáfaður (um það vita höfundar ekki neitt) og að hann réði hreinlega ekki við að gera tvennt í einu – eins og að ganga um og tryggja tyggjó.
- **Hvað er áhrifamest í feitletraða textanum?** Þetta er auðvitað afar persónubundið en þó er einn sterkan stað í textanum að finna hér: „Þá beitir hann sjö grænum tungum, sjö grænum tígrum, sjö grænum hundum, sjö grænum höfum.“
- **Af hverju ljúkast augu skáldsins skyndilega upp?** Vegna þess að Mario býr til myndhverfingu, án þess að fatta það sjálfur. Og reyndar mjög kraftmikla og flotta myndhverfingu!
- **„Það er ekki til sú mynd sem ekki verður til óvart, sonur sæll.“ Hvað á skáldið við með þessu?** Neruda á við að engir skapaðir hlutir verði bara til af sjálfu sér, heldur sé alltaf einhver óljós „vilji“ á bakvið orðin, jafnvel þótt skáldið viti ekki hvaðan hann komi.

3) Til umræðu: *Hvaða viðlíkingar notum við í daglegu tali? Af hverju notum við viðlíkingar í daglegu tali, hverju viljum við ná fram? Hvað gera viðlíkingar fyrir málið? Flækja það? Gera það litríkara? Hvað gera þær?*

4) Viðlíking í ljóði:

Íslenskum snjókörnunum  
er líkt við eldflugur í ljósinu.

Snjókörnin eru eldflugurnar  
og vorið er ljósið.

Það er verið að lýsa aprílvori, vorhreti.

Því er líkt við eldflugur í ljósi.

**sveimur**

íslensk

snjókörn

eins og eldflugur í ljósinu

utan við gluggann

á aprílvori

5 og 6) Í þessum verkefnum (og öðrum sem hafa með sköpun að gera) má búast við hinum klassísku spurningum „má ég gera svona?“ og „hvað á að gera?“ Einfalda svarið er „ekkert er bannað, allt má“.

8) Huggun

**Hver er ljóðmælandi (sá sem mælir fram ljóðið?)** Ljóðmælandi er móðir barnsins.

**Hver er sagan í ljóðinu? Um hvað er ljóðið?** Móðirin huggar barnið en lætur fylgja með þá lífssýn að síðar á ævinni verði sorgin enn meiri en tárin færri; að þá sé erfiðara að gráta. Með þessu er hún í raun að tala um sjálfa sig (því hún er jú orðin fullorðin) og hugsanlega eigin stóru sorg sem leynist henni í brjósti.

**Er ljóðið hefðbundið eða frjálst?** Hefðbundið.

**Leitaðu að ljóðstöfum, rími og hrynjandi.** Ljóðstafir eru annars vegar stuðlar (einn eða fleiri í línu) og hins vegar *höfuðstafir* (einn í næstu línu).

Rím: bjarta – hjarta og stærri – færri = endarím, runurím og kvenrím.

brá – þá = endarím, karlrím, víxlrím.

**Huggun**

Litla barn með lokkinn bjarta, (stuðlar)

leggðu þig að mömmu hjarta, (höfuðstafir)

hún skal þerra þína brá. (stuðlar)

Seinna verður sorgin stærri (stuðlar)

og sárari – en tárin færri. (höfuðstafir)

Gott væri að mega gráta þá. (stuðlar)

## Hvaða andstæður eða hliðstæður kemurðu auga á í ljóðinu?

Andstæður: Æska/fullorðinsár, lítill/stór, nútíð/framtíð.

## Hvaða tegundir myndmáls notast ljóðskáldið við?

Hér er aðeins notast við beina mynd.

### Ævintýri á fjöllum

*Hver er ljóðmælandi (sá sem mælir fram ljóðið?)* Ljóðmælandinn er óræður í þessu dæmi, ekki koma fram skýrar vísbendingar um hann en augljóst er að hann sér allt og gæti því flokkast sem alvitur sögumaður/ljóðmælandi.

*Hver er sagan í ljóðinu? Um hvað er ljóðið?* Ljóðið notast við þekkt minni eins og ævintýri og fjallkonuna til að skapa óvænta mynd sem hefur tengingu við nútímalegan veruleika með ferðamönnum og björgunarsveitum. Titillinn er hversdagslegur og stælalaus og því kemur það flatt upp á lesandann hversu „skrýtið“ ljóðið reynist. Fjallkonan er látin vera bókstaflega úr fjalli eða a.m.k. virðist hún klæðast fjalli því hún vefur um sig hamrabeltinu (sem er vitanlega líka skemmtilegt orðagrín). Til að sýna hversu mikið hún er á hraðferð er hún látin svolgra í sig læk á hlaupum. Lesendur fá að vita að hún ætli sér að ná þýskum ferðamanni áður en honum verður bjargað. „Af hverju vill hún það?“ spyr lesandinn sig. Og hálf leið í gegnum ljóðið gæti manni dottið í hug að tilgangurinn gæti verið kynferðislegur – að hún ætli að tæla hann til lags við sig. En þess í stað reynist hún hafa bundið manninn niður í lyngið og „balderað“ fjallasóleyjar í bringu hans (að bald- era þýðir að sauma upphleyptan útsaum með gylltu eða silfrúðu málmgarði). Ekki kemur fram hvort hann er á lífi en hann er þó blóði drifinn. Eitthvað mikið hefur gengið á – fjallkonan hefur breytt manninum í lifandi handverk.

*Er ljóðið hefðbundið eða frjálst?* Frjálst.

*Leitaðu að ljóðstöfum, rími og hrynjandi.* Á nokkrum stöðum myndast sterk hrynjandi við notkun stuðla, t.d. **leiftursnögg** og **lækinn, má** og **missa, reiki rammvilltur** og **bundinn** og **blóði** (fleiri dæmi má tína til). Þetta styrkir ljóðið og setur aukinn þunga á þessa staði, vegna þess að ljóðið er almennt ekki bundið í annað form. Línur eru mislangar og engin regla á uppsetningu. Með því að taka orðin „Hún má engan tíma missa“ og gefa þeim pláss í sérstakri línu myndast einnig áhersla á merkingu þeirra sem skilar sér til lesandans.

*Hvaða andstæður eða hliðstæður kemurðu auga á í ljóðinu?* Fortíð/nútími, náttúra/menn, raunveruleiki/ímyndun, Ísland/Þýskaland, heimamaður/ferðamaður, „kvenleiki“ (útsaumur)/karlmennska (björgunarsveitir).

*Hvaða tegundir myndmáls notast ljóðskáldið við?* Hér er notuð bein mynd en sjálf hugmyndin um fjallkonuna er líka persónugerving.

Í tengslum við þetta ljóð er einnig upplagt að fjalla um **liti** sem koma við sögu (blóð, hvítar og gular sóleyjar, grænt og brúnt lyng, svart eða grátt hamrabelti) og jafnvel ferðalag fjallkonunar sem hefst uppi í hlíðinni en endar niðri við jörðu. Vísanir eru líka skemmtilegt viðfangsefni (ferðamennska, björgunarsveitir, Þýskaland, útsaumur, handverk, þjóðleg gildi).

- 9) Í allri umfjöllun um myndljóð er ágætt að nálgast umræðuna þannig að bókstafir séu líka (í eðli sínu) teikningar, línur, strik og punktar. Því er mikil myndlist í tungumálinu. Að sama skapi hafa öll tákn í tungumálinu tiltekna merkingu í réttu samhengi en eru nánast merkingarlaus án samhengis. Þar má t.a.m. nefna greinarmerki. Af þessum sökum finnst fólki stundum erfitt að túlka myndljóð sem ljóð – t.d. ljóð Ólafs Árna á bls. 166. Það samanstendur aðeins af titli og svo kómmum, i-um og svigum.

Það sem gerir þetta áhugavert – líka fyrir unglinga! – er að um leið og við „samþykkjum“ að t.d. punktur hafi merkingu í sjálfu sér í svona setningu í skáldsögu:

***Einu sinni var maður sem keypti hest.***

... þá erum við að segja að punkturinn hafi stöðu, vægi og merkingu sem hluti af bókmenntaverki. Þessu fylgja þau augljósu hliðaráhrif að punkturinn má alveg vera merking og list í sjálfu sér.

Þetta er kannski flókið ... og þó. Af hverju er ekki punkturinn nóg í sjálfu sér? Eins og þögn, kannski? Einn virtasti myndlistamaður Íslendinga, Kristján Guðmundsson, hefur einmitt leikið sér með þetta:

„ÁRIÐ 1972 gaf Kristján Guðmundsson út bókina Punktar sem hugsuð var sem ljóða-bók. Þrjú punktar í ljóðasafni Halldórs Laxness voru ljósmyndaðir, stækkaðir þúsundfalt og prentaðir, hugsaðir eins og Kristján sagði sjálfur sem ljóðrænar þagnir.“

Nánar hér með myndum: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/796696/>

Umræður við unglinga um þessi málefni verða án efa fjörugar og fræðandi fyrir alla!

- 12) Ljóð er listrænt viðbragð

Hér er sótt á brattann með umfjöllun um tvö vel þekkt ljóð en mest er um vert að fá fram umræðu um samtalið sem á sér stað á milli ljóðanna. Listamenn eru sífellt að kallast á, t.d. í poppmenningu nútímans þar sem tónlistarmenn nota búið úr lagi til að spinna við sitt eigið lag.

Í tilfelli Sigfúsar og Ingibjargar á sér stað samtal um mannlega tilveru, eða eins og segir í umfjöllun Þratar Helgasonar í Lesbók:

Ljóðið er ort til barns eins og kemur fram í síðasta erindi og er hvatning til þess um að halda nú ótrautt áfram þrátt fyrir þungar byrðar.

Hér er alla umfjöllun Þratar að finna: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/325272/>

Ljóð Sigfúsar ber með sér bjartsýni en það er þó nokkuð þungt, jarðbundið og karllægt – a.m.k. ávarpar ljóðmælandi áheyrendur sína með orðunum „samt skulum við standa uppréttir“. Og kannski er það einmitt þaðan sem Ingibjörg tekur við keflinu ...



Ljóð Sigfúsar í heild sinni.

I  
Mannshöfuð er nokkuð þungt  
en samt skulum við standa uppréttir  
og sumarið bætir fyrir flestar syndir okkar.

Við létum gamlan dvalarstað að baki  
eins og dagblöð í bréfaörfuna  
höldum nú áfram lítum ei frammar við.

Eða brutum við allt í einu glerhimnana  
yfir gömlum dögum okkar?  
til þess lögðum við af stað.

Og jafnvel þó við féllum  
þá leysti sólin okkur sundur í frumefni  
og smámsaman yrðum við aftur ein heild.

Velkunnugt andlit hljómur blær  
það er þín eign barn  
æsandi og ný

Með ljóði sínu er Ingibjörg kannski ekki að gera grín að þyngslunum í Sigfúsi en hún hnýtir í þessa þunglamalegu hugmynd um karlmennsku og karllæga tilveru. Það er eins og hún segi:

***Kannski er höfuð karlmannna þungt ... en höfuð konunnar? Það er alls ekki þungt!***

Og svo kemur hún með ljóðið (sjá bls. 169) og þar leiðir hún lesandann í allan sannleika um það hvernig höfuð konunnar er ólíkt höfði mannsins: Það er mjallhvítur, dúnmjúkur hnoðri sem siglir og hlær og dansar ... það getur verið erfitt að halda því (þótt það sé ekki þungt) og höfuðið dansar í hálfgerðum tryllingi á Klambratúni við undirleik svokallaðra „tónsmiða haustsins“.

Þetta er litrík, fjörug og eiginlega nokkuð brjáluð ljóðmynd. Einmitt það sem ljóðmynd Sigfúsar er ekki, í allri sinni yfirvegun og íhygli.

Og hverjir eru tónsmiðir haustsins? Þeir eru „kjaðandi, kroppandi, gargandi ...“ Geta nemendur leyst þessa kenningu?

Kannski eru það fuglarnir?

Svar við spurningu í lok þessa hluta: Í miðjuerindi ljóðs Ingibjargar leikur hún sér með orðtakið „að halda andlitinu“.

- 13) Hér er rétt byrjun á ljóðabálkinum *Frostfiðrildin* eftir Lindu Vilhjálmsdóttur:
- nú veit ég það loksins  
elskan mín  
veit að hamingjan  
er eins og æðardúnn  
sem svífur  
í loftinu á milli okkar

### Ljóðaheitur pottur bls. 171

Textinn frá hljómsveitinni Skepnu er skemmtilegur leikur með orð, enda vísar hann bæði í póst-númerið 101 (þar sem allar listaspírur ku búa) og svokallaðan „binary-kóða“ (digital) en það er sú tækni sem í raun öll tölvutækni byggir á (um þetta vita unglíngarnir örugglega heilmargt!).

Einn og núll standa í raun einfaldlega fyrir kveikt eða slökkt – og í textanum leikur höfundur sér mikið með það hvaða áhrif samfélagsmiðlarnir hafa á okkur.

Þetta kemur ágætlega fram í útvarpsspjalli við hljómsveitarmeðlimi og ekki er úr vegi að leyfa nemendum að hlusta á það og velta merkingu textans fyrir sér en hér er endurskrift á spjallinu ásamt tengli:

***Eftir að gítarleikari og trommuleikari hljómsveitarinnar hafa kynnt sig  
vaða þeir inn í lífsspekina:***

– Við vorum að gefa út plötuna Skepnu og lagið Einn núll einn. Hér gengur nú á með föstum takti og köldum gítarhljómunum. Titillinn er í senn vísun í 101, miðsvæði Reykjavíkur, þangað sem við förum til að hitta fólk, en ekki síður í stafræna tækni sem byggir á þessum tveimur gildum, einn og núll, að vera eða vera ekki, læk eða ekki læk. Það er spurning hvort þessi tækni, sem virðist allavega á yfirborðinu vera að færa okkur nær hvort öðru, sé að gera okkur kaldari nú þegar við eigum hundruð eða jafnvel þúsundir vina sem við getum haft samband við, jafnvel alla í einu, mjög fyrirhafnarlítið, hvort þessi yfirborðssamskipti séu að taka við af hinu nána, hvort við líðum hjá hvert öðru án þess að taka eftir náunganum eða umhverfinu með okkar eigið sándtrakk við okkar lífatlíf.

– Já já. Það eru allir stjórnur.

– Jú jú.

– Við viljum vera nálægt öllum og deila öllu en samt – engu.

– Jú jú. Og skoða lífið í gegnum lítinn skjá.

– Já. Með svamp í eyrunum.

– Með svamp í eyrunum! Og þá er spurning hvort við séum að glata einhverjum eiginleika, hvort þetta er einhverskonar svona fjöldaeinvera? Svo á milli einstaklinganna, steinninn er orðinn að sandi þar sem að byggði heimskur maður hús?

– Þetta er djúpt maður.

– Einn núll einn? Læk, vinur minn, læk.

– Gjöríði svo vel.

[http://podcast.ruv.is/poppland/Poppland\\_v34.mp3](http://podcast.ruv.is/poppland/Poppland_v34.mp3)



# Fylgiskjöl

## 1. Matsblöð

### Jafningjamat fyrir framsögn

1. Ég legg mat á eftirfarandi atriði og gæti þess að hafa heiðarleika og sanngirni að leiðarljósi:
  - a) efnistöð og uppbygging
  - b) framsögn (hægt, skýrt, hátt), raddbeiting, tónfall
  - c) líkamstjáning
  - d) samband við áheyrendur
  - e) málfar og fjölbreytt orðaval
2. Ég hlusta vel og skrifa minnispunkta meðan á framsögn stendur (hér gildir að skrifa hratt!).
3. Ég bendi á það sem er vel gert og útskýri hvers vegna mér finnst það betra en annað.
4. Ég bendi á það sem betur má fara, útskýri af hverju og kem jafnvel með tillögur til úrbóta.

### Fyrir umræður í hópavinnu

1. Ég legg áherslu á þessi atriði í mati mínu á nemanda:
  - a. sýndur áhugi á skoðunum og hugmyndum hópfélaga
  - b. spurningar lagðar fram fyrir hópfélaga
  - c. kurteisi og virðing fyrir hópfélögum
  - d. málfar og orðalag er fjölbreytt
  - e. líkamstjáning og svipbrigði við hæfi
  - f. nemandi kemur skoðunum á framfæri

## 2. Texti til leiðréttingar

### Kvikmyndagagnrýni

Mér finnst að þegar verið er að fjalla eða skrifa um lisitir í blöðunum eða sjónvarpi þurfi að fjalla um alla vinkla um leið, ekki bara einn. Það er stundum eins og að það skipoti engu máli hvort að fréttamaðurinn hafi einhvern áhuga á þessu sem hann er að skrifa um eða fjalla um, eins og hann hafi ekki sett sig inn í að kynna sér málefnið og segi bara eitthvað.

Um dagin var til dæmis átti að fjalla um bíómynd sem ég á og horfi oft á. Það var myndin Fisher King með Jeff Bridges og Robin Williams og Mercedes Ruehl. Hann var frábær í goog morning Vietnam og hefu leikið í mörgum öðrum myndum líka. Fisher King er þannig mynd að þú þarft að hafa humor fyrir henni til að skilja hana og gerta horft á hana til enda, hún er soldið rugl þannig séð en samt mjög flott, sérklstalega af því að Jeff Brigdes leikur útvarpsmanninn vel sem myndin fjallar um, hann misstir vitið eftir að hafa misst vinnuna eftir að hafa sagt einum sem hringdi inn í þáttinn hans að hann þyrfti að grípa til sína ráða. Og maðurinn fer þá og skýtur fullt af fólki, hann var bældur og reiðir út í þá sem eru töff og eiga peninga.

En blaðamaðurinn skyldi ekki myndina og var bara reiður af því að hún var svo skrýtin og gaf henni bara þess vegna tvær stjörnur af fimm sem var hægt að fá. Þetta er skrítin mynd af því að karakterinn asem Robin Willams leikur lifir í hálgerðum ævintúraheimi. En samt góð mynd, eigna-lega alveg frábær.

## 3. Twitterature – Harry Potter

*Harry Potter (1–7)* by J. K. Rowling

### @NotoriousHP

Hello everyone from under the stairs! Aunt and Uncle threw me under here again.  
Gosh, life is so hard.

That fat fuck Dudley stole all my food! I wish something good or at least interesting would happen to me.

OMG I'm a WIZARD! And my parents are DEAD WIZARDS! Off to magic boarding school.  
PEACE BITCHES!

OMG Hogwarts OMG I have two friends OMG magic OMG the Slytherins are Nazis  
OMG there is an EVIL WIZARD out to get me.

Snape a douche! Dumbledore a wise man (but maybe gay?). Voldemort tried to kill me!  
Flying broomstick! Battle over magic crack-rock!

OMG the year's over. Time goes fast when you're having fun.  
Goes slow if you have to read seven books with lots of adverbs.

Back to school! Should be a great year! I hope nothing crazy happens like last time.

No! Voldemort is trying to wreck my shit up AGAIN!! I am TIRED of these  
MOTHERFUCKING SNAKES IN THIS MOTHERFUCKING CASTLE!

Back to school AGAIN! This year definitely better! A dude who tried to kill me turned out OK. Sometimes misunderstandings happen. LOL.

Oh man, big tournament at my school this year!! PSYCHED! I hope nobody dies this year, and every year as if by clockwork.

Competing in a tournament. Also: is it just me, or should they really have a tougher vetting process for Dark Arts teachers?

OMFG VOLDEMORT AGAIN. Don't worry, I have the hang of this by now. Plus there's a secret society out to protect me. Give up already LV.

I AM UNDERGOING A LOT OF ANGST RIGHT NOW. And this Asian girl is giving me a major hard-on. Blue balls suck. No magic potion for it either.

Don't believe anyone who says Voldemort isn't back AGAIN. I KNOW WHAT I SAW!

Big brawl at Ministry of Magic! Sirius is dead. Super-pissed. I just used the torture spell, didn't I? I'm going to Azkaban now, aren't I?

Back to school again! Boy, everything better go well this year or I'm going to eat a wand.

Hey! My friend's sister is totally hot for me. Feels a bit dirty, but yeah baby, you like my scar, don't you? Wanna see my wand?

SNAPE KILLED DUMBLEDORE WTF WTF WTF WTF WTF? THIS IS LIKE THE BIGGEST CLIFF-HANGER EVER!!!

Sometimes this guy, Tom, keeps showing up. I don't want him around but I don't have the heart to tell him, because he killed my parents.

NM last tweet. Killed him. Something about a prophecy. Who cares? Last seven years have felt like same one, over and over.

## 4. Hvernig ákveður spörfugl að deyja?

### Niðurstaða

Í dag sá ég spörfugl ákveða að deyja. Það var fyrir framan pylsuvagninn hjá höfninni; ég stóð þar einn og borðaði tvær með öllu.

Loftið var heitt en himinninn og sjórinn hvor í sínum gráa litnum.

Pylsusalinn kom út með lúku af steiktum lauki og talaði fuglamál um stútaðar varir; nokkrir komu um leið á lágflugi og lentu þar sem hann var vanur að dreifa lauknum. Hægt bættist í hópinn.

Ég fylgdist með fuglunum tína gullbrúnan mulninginn upp af stéttinni – af því þeir voru þarna og ég ekkert að gera nema innbyrða pylsur. Þetta voru borgarfuglar, rytjulegir en fullir af orku. Sumir höfðu misst allar fjaðrirnar af höfðinu og minntu á hrægamma.

Þá sýndist mér einn fuglanna hoppa einkennilega. Ég tók vænan bita af pylsu og hallaði mér til að sjá betur: Strágrannur fótleggur hans var vinkilbrotinn. Hann bar sig samt vel og gaf hinum ekkert eftir. Þeir voru kannski tólf litlir og dökkir í óreiðuveislunni þarna fyrir framan mig. Við borðuðum saman.

Þegar ég átti lítið eftir sá ég að þessi fótbrotni hægði á sér og fljótlega stakk hann mjög í stúf, varð hreyfingarlaus í miðju fjörinu. Hann var með laukmola í gogginum sem hann lét falla á meðan hann dró sig saman í hnykil og blikkaði augunum, blikkaði litlu svörtu augunum sífellt hægar eins og hann væri að hugsa sig um – hugsa sig að niðurstöðu. Veislan hafði færst til og hann var einn, nú með lokuð augun. Ég starði á hann; gaf mér að hann væri að reyna að umbera sársaukann sem hlaut að vera allt of stór fyrir þennan nauma skrokk. Þá, allt í einu, opnaði hann augun og lyfti sér frá stéttinni og stóð um stund og horfði beint fram fyrir sig, stóð þannig þar til hann hoppaði eins tígulega og hann gat bakvið grænan ruslastamp, hoppaði þyngslalega á milli hans og pylsuvagnsins – og birtist ekki hinum megin.

## 5. Námsmat

Spurningarnar má nota í tengslum við námsmat, að hluta eða í heild.

### 1. kafli

1. Hvernig getur æfing í framsögn komið sér vel fyrir þig? Hafðu í huga í námi og daglegu lífi.
2. Í hverju felst góður undirbúningur fyrir flutning á ræðu?
3. Hvað er gott að hafa í huga á meðan texti/ræða er flutt?
4. Hvaða áhrif hefur öndun á framsögn?
5. Hvernig getur augnsamband og líkamsstaða haft áhrif á flutning texta?
6. Hvers vegna er mikilvægt að geta tjáð skoðanir sínar á málefnanlegan hátt?
7. Nefndu eins mörg atriði og þér dettur í hug sem sýna fram á að það sé gott og jafnvel mikilvægt að hlusta á viðmælendur sína.
8. Hvernig tengist þessi frasi *kurteisi borgar* sig málefnanlegum umræðum?

### 2. kafli

1. Hver eru helstu einkenni talmáls?
2. Í hverju er munurinn á talmáli og ritmáli helst fólgin?
3. Hvað er átt við með hugtakinu *rafmál*?
4. Hvað er átt við með því þegar stíll og efni fara ekki saman? Nefndu dæmi máli þínu til stuðnings.
5. Hver eru einkenni óbeygjanlegra orða?
6. Hvert er málfræðilegt hlutverk forsetninga í málinu? Nefndu dæmi máli þínu til stuðnings.
7. Hvaða merkingarlegu áhrif hafa forsetningar í málinu? Nefndu dæmi máli þínu til stuðnings.
8. Hver eru hlutverk atviksorða í málinu?
9. Hvernig geturðu greint á milli atviksorða og lýsingarorða?
10. Hver er munurinn á þessum málsgreinum og hvað veldur honum:
  - a. Stína fékk sér bæði epli og ananas.
  - b. Grímur fékk sér annaðhvort epli eða ananas.
11. Hvenær notar fólk upphrópanir?



### 3. kafli

1. Útskýrðu með eigin orðum hvað átt er við með hugtakinu málsnið. Notaðu dæmi máli þínu til stuðnings.
2. Hvernig getur góður undirbúningur við persónusköpun haft áhrif á frásögn?
3. Við hvaða/hvernig tilefni skrifar fólk rökfærslutexta? Nefndu eins mörg tilefni og þér dettur í hug.
4. Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú skrifar rökfærslutexta?
5. Hverju þarftu að gæta að þegar þú gagnrýnir texta annarra?
6. Ef þú værir rithöfundur, um hvað væri þín næsta bók?

### 4. kafli

1. Af hverju er lestur og lesskilningur mikilvægur?
2. Það er ólíkt að lesa fræðitexta og fagurbókmenntir (skáldskap) en báðar textategundir kalla á athygli lesandans og ákveðinn lesskilning. Hverju veitir lesandi athygli í
  - a. fræðitexta?
  - b. fagurbókmenntum?
3. Hvað merkir að *lesa á milli línanna*?
4. Hvernig á að skrifa útdrátt?
5. Hvað er hlutlaus frásögn?
6. Hvernig getur tölfræði hjálpað við lesskilning?

### 5. kafli

1. Hvað er átt við með hugtakinu *heimildaritun*?
2. Hvar er hægt að afla heimilda – hvar finnur þú heimildir?
3. Hvernig er hægt að greina áreiðanleika heimilda?
4. Hver er munurinn á beinni tilvitnun og óbeinni tilvitnun?
5. Af hverju er mikilvægt að vitna í heimildir og skrá þær?
6. Hver er munurinn á inngangi og lokaorðum?
7. Hvað er meginmál og hvað á að koma fram í því?
8. Hvaða máli skiptir að vanda stafsetningu og málfræði við heimildaritun?
9. Af hverju getur komið sér vel fyrir þig að kunna að afla heimilda og nýta þær í texta?

## 6. kafli

1. Hver er munurinn á
  - a. örsögu og smásögu?
  - b. smásögu og skáldsögu?
2. Hvaða áhrif hefur ólíkt sjónarhorn á frásögn?
3. Hvaða aðferðir við að skrifa sögur þekkir þú?

## 7. kafli

1. Hvert er hlutverk sagnorða í málinu?
2. Hver eru beygingarleg einkenni sagnorða?
3. Hvað er átt við með *persónu* sagna? Notaðu dæmi máli þínu til stuðnings.
4. Hvort er sögnin í þessari setningu áhrifssögn eða áhrifslaus? Á hverju má sjá það?
  - a. Ég vil fisk í matinn.
5. Hvor setningin er rétt og af hverju?
  - a. Mig vantar buxur.
  - b. Mér vantar buxur.
6. Hver er munurinn á persónuháttum og fallháttum?
7. Hvenær er boðháttur notaður?
8. Hver er munurinn á lesandi í þessum setningum?
  - a. Gunnar er dyggur lesandi blaðsins.
  - b. Gunnar er alltaf lesandi.
9. Hvað einkennir viðtengingarhátt?
10. Hvaða háttur tekur alltaf hjálparsögn með sér?
11. Hver er algengasti hátturinn og hver eru einkenni hans?
12. Við hvaða aðstæður þarftu að vanda mál þitt?
13. Hvað telst rétt mál?

## 8. kafli

1. Hvernig myndir þú útskýra hugtakið *ljóð* fyrir einhverjum sem hefur aldrei heyrt, séð eða lesið slíkt?
2. Hvað er átt við með hugtakinu *myndmál*? Nefndu dæmi máli þínu til stuðnings.
3. Hvaða reglur gilda um ljóðstafi?
4. Hvað er ljóðgreining?
5. Finnst þér myndljóð vera ljóð? Færðu rök fyrir máli þínu.